

Starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar

2004



Skýrsla um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar árið 2004

EFNISYFIRLIT



Formáli	2
---------	---

Rannsóknastarfsemi

Sjó- og vistfræðisvið	4
Nytjastofnasvið	10
Veðiráðgjafarsvið	24

Stoðdeildir


Bókasafn	26
Reiknideild	26
Tæknideild	26
Útibú	27
Tilraunaeldisstöð	29

Önnur starfsemi

Kynningarmál	32
Námsverkefni	32
Sjávarútvegsskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna	33
Sögusetur	35

Viðaukar

Rekstraryfirlit	36
Stjórn og starfsmenn	38
Rannsókn- og starfsáætlanir	40
Rannsóknaleiðangrar	42
Ritaskrá	46
Erindi, veggspjöld, ágríp	53
Fundir, ráðstefnur, kynnisferðir	59
Málstofa Hafrannsóknastofnunarinnar	63
Útgefið efni	64



FORMÁLI

Þessi skýrsla hefur að geyma ítarlega samantekt um starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar á árinu 2004. Starfsemin var hefðbundin að mestu, þar sem rannsóknir tengdar ástandi nytjastofna sjávar og langtíma umhverfis- og vistfræðirannsóknir voru mest áberandi, en hvoru tveggja er nauðsynlegur þáttur við mat á afrakstri fiskistofnanna. Alls var unnið að 140 skilgreindum rannsóknaverkefnum á árinu 2004 en flest þeirra voru framhald fyrri rannsókna, sem endurspeglar þröngt fjárhagslegt svigrúm stofnunarinnar til að takast á við ný rannsóknaverkefni.

Þó var unnið að nokkrum athyglisverðum nýjum verkefnum á árinu. Sem dæmi má nefna rannsóknir á lífríki kóralsvæða úti fyrir austanverðu Suðurlandi. Markmið þeirra var að kanna hugsanlegar skemmdir á kóröllum vegna veiða og meta þörf fyrir verndun. Á nokkrum svæðum, sem rannsökuð voru sáust merki um að kórall hefði verið brotinn niður og eyðilagður en á öðrum svæðum var kórall í góðu ástandi og lífríki fjölbreytt eins og sést á myndunum sem skreyta þessa skýrslu.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2004 (dags. mars 2005) voru heildargjöld á árinu 2004 1.567 milljónir króna eða um 46 milljónum hærri en ráðgert var í rekstraráætlun. Tekjur urðu 35 milljónum króna lægri en áætlað var, eða 554 milljónir króna í stað 589 milljóna í rekstraráætlun ársins. Mismunur gjalda og tekna er þannig 17

milljónum króna óhagstæðari en gert var ráð fyrir, en samkvæmt rekstraráætlun var miðað við 40 milljón króna rekstrarafgang. Að viðbætti aukafjárveitingu vegna viðbótarúthalds rannsókna-skipa og hvalrannsókna (alls 50 millj. kr.) stefnir í að rekstrarafgangur ársins 2004 verði nálægt 23 milljónum króna.

Á árinu 2004 var úthald rannsóknaskipa stofnunarinnar sem hér segir: Rs. Dröfn RE 35 - 89 dagar, rs. Árni Friðriksson RE 200 - 211 dagar, rs. Bjarni Sæmundsson RE 30 - 176 dagar. Lítið úthald Drafnar helgaðist af því að skipið var ekki í rekstri síðari hluta ársins enda forsendur úthalds þriggja skipa ekki fyrir hendi miðað við núverandi ráðstöfunarfé stofnunarinnar. Samfara sölu rs. Drafnar í lok ársins tókust samningar við kaupendur skipsins um að þeir leigi Hafrannsóknastofnuninni það í a.m.k. 40 daga á ári og mun skipið því áfram sinna að hluta verkefnum stofnunarinnar á grunnslóð, m.a. árlegum humarrannsóknnum. Nauðsynlegt er hins vegar að tryggja aukið rekstrarfé svo hagkvæmni náist í útgerð rannsóknaskipanna. Þannig verður unnt að sinna aðkallandi verkefnum betur en nú er gert svo sem á sviði veiðarfærarannsókna, rannsókna á miðsjávarfiski innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu og rannsóknum á uppsjávarfiskistofnum sem brýn þörf er að efla.

Í viðauka kemur fram hvernig niðurstöður rannsókna stofnunarinnar hafa verið kynntar. Alls er

þar að finna 148 titil greina og skýrslna, þar af 23 í ritrýndum vísindaritum, 53 í ýmsum fræðiritum, 65 í rannsóknaskýrslum, 3 prófritgerðir, auk 5 annarra greina um haf- og fiskifræðileg mál-efni.

Líkt og undanfarin ár tók Hafrannsóknastofnunin virkan þátt í starfsemi nokkurra fjölþjóðasamtaka á sviði haf- og fiskifræði. Mikilvægast í þessu samstarfi er þátttaka í starfi Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES). Þá tók stofnunin, líkt og undanfarin ár, þátt í nokkrum alþjóðlegum rannsóknaverkefnum, m.a. á vegum Evrópusambandsins. Óhætt er að segja að þetta fjölþjóðlega samstarf krefjist skilvirkni og setji stofnuninni strangar kröfur um að standast alþjóðleg viðmið.

Starfsemin árið 2005 mun taka mið af langtíma-áætlun stofnunarinnar fyrir árin 2002-2006 samkvæmt 140 skilgreindum áætlunum með áherslu á eftirfarandi:

- Öfluga samvinnu innan sjávarútvegs hvað fiskirannsóknir og ráðgjöf snertir, m.a. með myndun samstarfshópa um sérstök áherslu-svið, með virkri notkun heimasíðu stofnunarinnar og með öflugu fundastarfi.
- Eflingu veiðarfærarannsókna, m.a. á eðli og áhrifum flotvörpuveiða og kjörhæfni fiskibotnvörpu, og með styrkingu útibús stofnunarinnar á Ísafirði.
- Endurskoðun gagnagrunna Hafrannsóknastofnunarinnar og efling gæðamála.
- Bætta gagnasöfnun og -úrvinnslu sem tengist mati á afrakstri fiskistofna og veiðiráðgjöf, m.a. með tilliti til hugsanlegra áhrifa veiða á vöxt og kynþroska.
- Loðnurannsóknir með áherslu á samband þorsks og loðnu.
- Mótun hugmynda um vistfræðilega nálgun við stjórn fiskveiða.
- Rannsóknir á áhrifum svæðafriðana og svæðalokana til verndar fiskistofnum.
- Kortlagningu búsvæða við landið og gerð áætlana um verndun viðkvæmra svæða.
- Vistfræðilega úttekt og skipulagningu rannsókna á grunnsævi og fjörðum allt í kringum landið og gerð áætlana um framhald rannsókna.
- Samstarf stofnunarinnar og fyrirtækja í fiskeldi um kynbætur á þorski og seiðaeldi, auk áherslu á þróun sandhverfueldis og aðstoð við eldisaðila vegna kvíaldistilrauna.

- Endurmenntun starfsmanna með námskeiðahaldi og annarri menntunarstarfsemi.
- Úrbætur í húsnæðismálum stofnunarinnar fyrir rannsóknastarfsemin, Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og til funda- og kennsluhalds.

Hafrannsóknastofnunin hefur ríkar skyldur varðandi upplýsingamiðlun og fræðslu sem stuðla á að upplýstri umræðu landsmanna um nýtingu og verndun fiskstofnana. Ýmsar leiðir eru til í þessu efni. Með tilkomu nýrrar heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar hefur verið brotið blað í aðgengi almennings að upplýsingum um fiskirannsóknir og öðrum rannsóknaniðurstöðum stofnunarinnar þar sem hafður hefur verið að leiðarljósi greiður og jafn aðgangur allra að upplýsingum sem stofnunin hefur yfir að ráða og kostaðar eru af almannafé. Heimasíðan nýja hefur einnig sýnt sig vera afar öflugur samskiptamiðill starfsmanna stofnunarinnar við aðila í atvinnugreininni, við fjölmiðla og allan almenning.

Efling málstofu Hafrannsóknastofnunarinnar um fiskifræðileg málefni hefur einnig mælst vel fyrir og verið vettvangur fjörmikillar faglegrar umræðu um rannsóknirnar og nýtingu fiskimiðanna. Bein samskipti sérfræðinga við landsmenn er líka grundvallaratriði í miðlun upplýsinga og skoðanaskipta. Þess vegna er stefnt að því á haustmánuðum 2005 að fara í þriðja sinn hringferð um landið til opinna funda um rannsóknir og fiskveiðar en segja má að slíkt fundahald skipi nú fastan sess í starfsemi stofnunarinnar.

Umsjón þessarar ársskýrslu var í höndum Guðmundar Pálssonar og Karls Gunnarssonar, en auk þeirra tóku saman megintexta skýrslunnar þeir Hrafnkell Eiríksson, Sigfús A. Schopka og Tumi Tómasson. Þeim, svo og öðrum sem hönd lögðu á plóginn, er þakkað vel unnið verk.

Reykjavík, mars 2005
Jóhann Sigurjónsson

SJÓ- OG VISTFRÆÐISVIÐ

JARÐFRÆÐI

Rannsóknir á hafsbotninum beinast áfram að kortlagningu valinna svæða umhverfis Ísland með fjölgeislamæli (multibeam echo sounder). Í maí var gerður út leiðangur til þess að kortleggja búsvæði kóralla við suðurkanta landgrunnsins. Nákvæm kortlagning með fjölgeislamæli var forsenda frekari rannsókna á kóröllum með fjarstýrðum myndavélabúnaði (ROV) sem fram fóru síðar um sumarið. Fjölgeislamælingarnar leiddu í ljós mismunandi einkenni á fundarstöðum kórallanna. Í lok ársins lauk vinnu við viðamikil verkefni um kortlagningu hafsbotns utan við landgrunnsbrún fyrir Orkustofnun.

EÐLISFRÆÐI

Ástand sjávar

Á árinu var farið nokkrum sinnum til mælinga á ástandi sjávar. Í tengslum við síldarmælingar voru gerðar athuganir í febrúar. Vorleiðangur var farinn í maí og var að þessu sinni farið djúpt vestur og suðvestur af landinu. Í ágúst var mælt á nokkrum sniðum og í nóvember voru athuganir gerðar umhverfis landið í tengslum við loðnumælingar. Í þessum leiðöngnum var einnig unnið að Evrópusambandsverkefnum (ESB), en þau verkefni eru samtvinnuð vöktun stofnunarinnar á ástandi sjávar. Ástand sjávar árið 2004 einkenndist af hlýindum og hárrí seltu, þó heldur hafi

dregið úr frá árinu 2003 en þá var útbreiðsla hlýsjávar á Norðurmiðum með mesta móti.

Í maí var lögn í Grænlandsskafi þjónustuð. Þessi lögn sendir mæliniðurstöður í rauntíma um gervihnött til lands og er hluti af ESB samstarfi (ANIMATE).

Flæði sjávar yfir Grænland-Íslandshrygginn

Í vorleiðangri í maí voru gerðar athuganir á sniði úr Faxaflóa vestur að Grænlandsströnd, en þær athuganir eru liður í ESB verkefninu ASOF-W, sem ætlað er að meta flæði sjávar yfir neðarsjávarhryggina milli Grænlands og Skotlands. Straummælingar í Grænlandssundi eru einnig hluti af því verkefni.

Í júlí var unnið að straumlögnum á Hornbanka sem tengjast öðru ESB verkefni, MOEN, þar sem metið er flæði hlýsjávar yfir Grænland-Íslands hrygginn inn í Norðurhöf. Á haustmánuðum fóru fram straummælingar á Hornbankasniði með straumsjá í tengslum við þetta verkefni og hafa þær mælingar skilað athyglisverðum niðurstöðum um legu strauma norðan lands.

Hitamælingar við ströndina

Síritandi hitamælingum við ströndina var haldið áfram og eru gögn frá þessum mælingum aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Einnig var komið fyrir hitamælum á nokkrum af öldudúflum Siglingastofnunar. Sú nýjung var tekin upp

að senda upplýsingar um sjávarhita í Reykjavíkurbíóhöfn í rauntíma og birtast niðurstöður jafnharðan á heimasíðu Hafrannsóknastofnunarinnar.

EFNAFRÆÐI

Rannsóknir á ólífrænu kolefni í sjó hafa verið stundaðar á Hafrannsóknastofnuninni frá árinu 1983 í ársfjórðungslegum sjórannsóknaleiðöngrum stofnunarinnar. Rannsóknirnar beinast einkum að flæði kolefnis milli lofts og sjávar og fara fram bæði í hlýsjó suðvestanlands og svalsjó Íslandshafs. Þessar rannsóknir eru áhugaverðar vegna þáttar sjávar í hringrás kolefnis í heiminum, en veruleg aukning hefur orðið á styrk þess í andrúmslofti á undanföllum áratugum og er það talið valda hlýnandi veðurfari á jörðinni. Helstu niðurstöður úr þessum löngu tímaröðum eru að styrkur kolefnis í sjó fer einnig vaxandi þar sem sjórinn tekur upp hluta af því kolefni sem losað er í andrúmsloftið.

Í vorleiðangri ár hvert er mældur styrkur næringarefna allt í kringum landið í tengslum við rannsóknir á plöntusvífi og aðrar vistkerfisrannsóknir. Þá var og safnað sýnum til mælinga á sporefnum (CFC) í ársfjórðungslegum sjórannsóknaleiðöngrum stofnunarinnar. Verkefnið er unnið í samvinnu við erlenda vísindamenn og er markmið þess að skilgreina eiginleika djúpsjávar sem flæðir úr Norðurhöfum yfir þverhryggina milli Grænlands, Íslands og Færeyja.

SVIFÞÖRUNGAR

Útbreiðsla gróðurs var könnuð á staðalsniðum umhverfis landið í vorleiðangri Hafrannsóknastofnunarinnar í maí. Rannsóknin er hluti af árferðisrannsóknnum stofnunarinnar. Á síðastliðnum 4 áratugum hefur safnast í gagnagrunn Hafrannsóknastofnunarinnar verulega mikið af gögnum um framleiðni svifþörunga á hafsvæðinu við Ísland. Árið 2004 voru teknar saman lýsingar á þeim aðferðum sem notaðar voru við söfnun, úrvinnslu og umfangi þeirra gagna.

Gögnum um árlegan breytileika á sjávarhita, seltu og blaðgrænumagn var safnað með sjálfvirkum mælibúnaði um borð í ferjunni Herjólf í daglegum ferðum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar árin 1999-2003. Niðurstöðurnar gefa góða mynd af ársferlum svifþörunga á Selvogsbanka meðan mælingarnar stóðu. Seltulækkun í

yfirborðssjó er til marks um lagskiptingu sjávar og lagskipting hefur áhrif á framvindu gróðurs. Upplýsingar um rennsli í ám á Suðurlandi og um hraða vinds og stefnu voru notaðar ásamt ofangreindum gögnum til rannsókna á dreifingu seltulágs sjávar á grunnslóð Selvogsbanka.

DÝRASVIF

Áta í vorleiðangri

Átumagn umhverfis landið var að venju kannað í vorleiðangri. Út af Vesturlandi var átumagn í meðallagi, en rétt yfir meðallagi fyrir norðan land og á grunnslóð fyrir austan. Fyrir sunnan land var átumagn hins vegar nokkuð undir langtímameðaltali. Þegar á heildina er litið var átumagn við landið í vorleiðangri nálægt meðallagi. Liður í þessu verkefni er að skoða langtímabreytingar á magni og útbreiðslu dýrasvífs á Íslandsmiðum og hvernig þær tengjast breytingum á umhverfisþáttum og plöntusvífi.

Áta í Austurdjúpi

Í tengslum við athuganir á göngum norsk-íslensku síldarinnar í Noregshafi, var magn og framleiðni átu rannsakað á fæðuslóð síldarinnar í Austurdjúpi 22. maí til 2. júní. Kaldsjávartegundir, t.d. póláta, voru algengastar í norðanverðu Austurdjúpi (norðan við ~66°V), en rauðáta sunnar. Hlutfall rauðátu var yfirleitt hæst fyrir utan landgrunnsbrúnirnar austur af landinu. Í köntunum fyrir suðaustan voru, auk rauðátu, ýmsar strandsjávartegundir einnig algengar. Framleiðnimælingar benda til að vöxtur rauðátustofnsins hafi verið meiri eftir því sem sunnar dró á athugunarsvæðinu.

Alþjóðlegar rannsóknir á Mið-Atlantshafshryggnum (MAR-ECO)

Hafrannsóknastofnunin tekur þátt í alþjóðlegu rannsóknaverkefni, MAR-ECO (Mid Atlantic Ridge Ecosystem), sem beinist að lífríki sjávar yfir Mið-Atlantshafshryggnum milli Íslands og Azoríeyja. Aðalmarkmiðið er að lýsa útbreiðslu, magni og fæðuvistfræðilegum tengslum lífvera á og yfir Mið-Atlantshafshryggnum og greina þá haf- og líffræðilegu ferla sem valda breytingum á þessum þáttum. Verkefnið hófst árið 2001 og lýkur árið 2008. Í þátttöku sinni hefur Hafrannsóknastofnunin lagt áherslu á nyrsta hluta mið-Atlantshafshryggjarins.

Á árinu var byrjað að vinna úr sýnum sem safnað var í tengslum við verkefnið á Árna Friðrikssyni í júní 2003. Þá tók starfsmaður Hafrannsóknastofnunarinnar þátt í leiðangri norska rannsóknaskipsins GO Sars í júní 2004, þar sem gerðar voru bergmálmælingar og safnað sýnum til að kanna magn svifþörungna og útbreiðslu, fæðutengsl og líffræði helstu svifdýra- og fiskitegunda sem halda sig yfir mið-Atlantshafshryggnum. Gögnin sem safnast hafa eru mjög umfangsmikil og koma margir að úrvinnslu þeirra. Í nóvember var haldinn vinnufundur í Rannsóknasetrinu í Sandgerði, þar sem úrvinnsla átusýna úr þessari rannsókn var samræmd og þá hófst úrvinnsla sýnanna í samvinnu norskra, færeyskra og íslenskra vísindamanna.

Dýrasvíf á djúpmiðum út af Suður- og Vesturlandi

Á árinu 2004 var haldið áfram að vinna úr gögnum sem safnað var á árunum 1996-1997 í landgrunnshallanum og á djúpmiðum suðvestur af landinu í alþjóðlegu rannsóknaverkefni (Trans Atlantic Study of *Calanus finmarchicus*, TASC). Verkefnið beindist einkum að líffræði rauðátu og hefur þegar verið fjallað ítarlega um gögn sem varða hana. Hins vegar fengust einnig áhugaverð gögn um ýmsar aðrar svifdýrategundir og svifsamfélagið í heild sinni sem unnið hefur verið úr á undanförunum árum. Á árinu var hafist handa við að greina hvaða áhrif afræningjar (einkum djúp- og miðsjávarfiskar) hafa á dýpisdreifingu og lífssögu svifdýranna, með því að bera saman bergmálgögn og dýpisdreifingu átu.

Átuvisar

Eins og undanfarin ár var átu safnað með svinefndum átuvisum á siglingaleiðum Eimskipafélags Íslands á milli Íslands og Skotlands annars vegar, og Íslands og Bandaríkjanna hins vegar. Úrvinnsla sýna er alfarið í höndum vísindamanna frá Alistair Hardy stofnuninni í Plymouth, en starfsmenn Hafrannsóknastofnunarinnar sjá um að þjónusta átuvisana hér á landi.

BOTNDÝR

Botndýr á íslensku hafsvæði

Síðasti leiðangur stóra botndýraverkefnisins BIOICE var farinn á árinu 2004 og var 47 sýnum af botndýrum og 5 setsýnum safnað á 26 stöðum, alls 52 sýni. Á vegum verkefnisins hefur sýnum verið safnað á 579 stöðum í kring um landið

í 19 leiðöngrum, alls 1050 sýnum af botndýrum auk 340 setsýna (samtals 1390).

Áður en BIOICE verkefnið hófst voru þekktar tæplega 2000 tegundir íslenskra botndýra en áætlað er að raunverulegur fjöldi þeirra sé nálægt 4000. Hingað til hafa fundist rúmlega 1900 tegundir dýra í sýnum BIOICE og hafa um 40% þeirra ekki fundist áður við Ísland. Þá hefur þegar verið lýst 24 tegundum sem áður voru óþekktar í heiminum.

Kortlagning kóralsvæða við Ísland

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar á útbreiðslu kóralsvæða við landið hefur m.a. það markmið að kanna hugsanlegar skemmdir á þeim vegna veiða og meta þörf fyrir verndun kóralsvæða. Sjávarbotn suður af landinu, þar sem líklegt var talið að kórall myndist, var kortlagður í maí 2004 með fjölgeislamáli rs Árna Friðrikssonar. Fjölgeislakortin voru mikilvæg við undirbúning á myndatökuleiðangri, sem farinn var á rs Bjarna Sæmundssyni í júní.

Á nokkrum svæðum, sem rannsökuð voru í sumar, voru merki um að kórall hefði verið brotinn niður og eyðilagður. Jafnframt voru þar ummerki eftir veiðar (net, grandarar og för eftir botnhlera). Á öðrum svæðum var kórall í góðu ástandi (hornkórallar og steinkórallar), m.a. *Lophelia pertusa*, t.d. í landgrunnshlíð suður af Hornafjarðardjúpi.

KLAK OG HRYGNING

Markmið METACOD verkefnisins er að auka þekkingu á stofngerð þorsks við Ísland og þar með að gera það mögulegt að meta hlut ólíkra hrygningareininga í nýliðun og veiðistofninum hverju sinni ásamt því að þróa stærðfræðilegan grunn fyrir ráðgjöf um nýtingu stofnsins út frá stærð og fjölbreytileika undirstofna.

Sýnum af hrygnandi þorski var safnað á alls 29 svæðum allt í kringum landið á árunum 2002-2004 og af þorski á fæðuslóð vestur og austur af landinu á árunum 2002-2003. Auk þess var seiðum safnað á uppeldisslóð vestur, norður og austur af landinu á árunum 2002-2003. Þessi sýni eru greind með þremur aðferðum, þ.e. erfðafræði, efnainnihaldi kvarna og útliti og lögun kvarna. Fyrstu niðurstöður benda til að munur sé á milli þorsks sem hrygnir við Norðurland og þess sem hrygnir við Suðurland. Auk þess virðist þorskur-

inn sem hrygnir á straumskilum vestur af landinu sem og sá sem hrygnir í Kantinum austur af Vestmannaeyjum vera frábrugðnir öðrum hópum. Eitt af markmiðum verkefnisins er að meta framlag mismunandi hrygningarsvæða hvað varðar fjölda eggja í sjó og fjölda og útbreiðslu seiða að hausti. Til þess að líkja eftir reki eggja og lirfa frá hrygningarsvæðunum hefur verið smíðað straumalíkan. Gæði líkansins er metið annars vegar með því að bera saman spáferla líkansins við ferla rekbauja sem settar voru út á árunum 1998-2000 og hins vegar með því að bera saman áætlaða útbreiðslu seiða að hausti við raunverulega útbreiðslu samkvæmt seiðaleiðöngnum Hafrannsóknastofnunarinnar á árunum 1973-2003. Fyrstu niðurstöður benda til þess að líkanið geti spáð fyrir um flæði og strauma með töluverðri nákvæmni.

Hvað varðar aðra þætti verkefnisins þá er úrvinnsla á endurheimtum úr merkingum á þorskungviði og hrygningarþorski, langt komin. Komið hefur í ljós að ungporskur er tiltölulega staðbundinn og heldur sig á eða nálægt uppeldisslóð uns hann nær kynþroska. Hrygningarþorskur sýnir hins vegar mjög fjölbreytt atferli og virðast þorskar sem hrygna á sama og/eða nálægum svæðum halda inn á ólík fæðusvæði að hrygningu lokinni. Samræming þessara gagna við gögn sem lýsa stofngerð þorsksins er ekki lokið.

Á næsta ári er mikil vinna fyrir höndum við að samræma og tengja saman niðurstöður úr mismunandi þáttum verkefnisins. Þannig verður lögð megin áhersla á að bera saman niðurstöður úr erfðagreiningum og greiningu snefilefna úr kvörnum bæði með tilliti til hrygningareininga og blöndunar hrygningarfisks á fæðuslóð. Greining hrygningareininga verður síðan notuð sem undirstaða við flokkun seiða sem í tengslum við straumalíkanið og niðurstöður úr merkingatilraunum verður notuð til að lýsa útbreiðslu, fari og reki þorsks og ungviðis frá mismunandi hrygningarsvæðum. Að lokum verða þessar niðurstöður notaðar í líkön (GADGET) sem munu lýsa stofngerð þorsksins ásamt því að gefa vísbendingar um bestu leiðir til að nýta stofninn.

UMHVERFISMÁL

Á árinu lauk rannsóknnum vegna umhverfismats kalkþörungavinnslu í Hrútafirði og fyrirhugaðs eldis í Fáskrúðsfirði. Hafrannsóknastofnunin vann

einnig fjölmargar umsagnir og álitsgerðir sem tengdust umhverfismati eða matsáætlunum vegna ýmissa framkvæmda. Stærstu mál ársins voru án efa matsskýrsla um rafskautaverksmiðju í Hvalfirði. Einnig bárust stofnuninni erindi sem vörðuðu efnistöku á sjávarbotni. Hafist var handa um endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum og komu þær tillögur til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar.

Áhrif veiðarfæra á botndýralíf

Á árinu 2003 hófst rannsókn á áhrifum vatnsþrýstiplógs á botndýralíf þar sem borin var saman samsetning og þéttleiki botndýra á þremur plægðum og þremur óplægðum svæðum. Sýni voru tekin í apríl 2003, strax að plægingu lokinni og svo í júlí 2003 og apríl 2004. Niðurstöður sýna að skaðsemi plógsins á botndýralíf er nokkur og að sumar tegundir botndýra höfðu ekki jafnað sig eftir raskið þremur mánuðum eftir plægingu.

Á árinu 2004 hófst nýtt verkefni sem hafði það að markmiði að bera saman gerð botndýrasamfélaga innan og utan friðaðs svæðis norðaustur af Horni sem hefur verið friðað fyrir togveiðum frá 1993. Samtals voru tekin sýni á 93 stöðvum innan og utan friðaða svæðisins með ýmsum söfnunartækjum auk þess sem botninn var myndaður með neðansjávarmyndavél. Stofnstærðargögn Hafrannsóknastofnunarinnar voru notuð til að bera saman þéttleika og lengdar-dreifingar helstu tegunda nytjafiska sem og gerð fiskisamfélaga innan og utan friðaðra svæða m.t.t. umhverfispátta.

Á árinu lauk Evrópuverkefni sem hafði það að markmiði að kanna áhrif veiða á vistkerfi sjávar sem og að leita leiða til að minnka þau áhrif. Hlutverk íslenska verkhópsins var að ákvarða út frá margvíslegum forsendum hvaða hópar og tegundir botndýra og botnlægra búsvæða væru mikilvæg í vistkerfi sjávar. Einnig að meta hvaða þættir hafa áhrif á fæðuval fiska hér við land.

RANNSÓKNIR Á LÍFRÍKI OG ÁSTANDI KÓRALSVÆÐA VIÐ ÍSLAND


Lífríki kóralsvæða er almennt fjölbreyttara en á hafsbotni nærri þeim. Góð karfamið við Ísland hafa gjarnan verið nálægt kóral og mörg botndýr eru algeng á kóralsvæðum en sjaldgæf annars staðar. Þetta gefur til kynna að kóralsvæði séu nokkurs konar eyjar með mikinn fjölbreytileika á annars fábreyttum sjávarbotni. Mögulegt er að kóralsvæði tryggi það að botndýr geti dreift sér um landgrunnið og hlíðar þess og gegni þannig mikilvægu hlutverki við að viðhalda útbreiðslu tegunda og líffræðilegum fjölbreytileika á stórum svæðum.


Í könnun meðal sjómanna hefur komið fram, að útbreiðsla kórals hafi fljótlega minnkað þegar byrjað var að toga utan í kóralsvæði. Haft er eftir reyndum sjómönnum, sem hófu sjómennsku fyrir 1950, að kóral hafi verið í einhverri mynd nánast á öllum djúpsvæðum, ekki þó í miklum breiðum, og framundir 1990 var kóral enn við öll horn á grunnunum við SA-land. Hins vegar hafi veiðiskip sótt inn á kóralsvæðin úti fyrir SA-landi snemma á tíunda áratug síðustu aldar og kóral horfið fljótlega af þeim slóðum. Svo virðist sem stór hluti þeirra kóralsvæða, sem þekkt voru á landgrunni Íslands á áttunda og níunda áratug síðustu aldar sé nú horfinn (1. mynd). Kóral-

svæði, sem enn eru talin vera heil, eru einkum í hlíðum landgrunnsins suður af landinu þar sem þykir erfiður togbotn. Ritaðar heimildir benda til að töluvert sé af kóral á Reykjaneshrygg, utan við hefðbundnar togslóðir (2. mynd).


Árið 2004 hófust rannsóknir á lífríki kóralsvæða við landið og ástandi þeirra. Gerðar voru athuganir með fjölgeislamæli á útbreiðslusvæði kórals suður af landinu, en greina má líkleg kóralsvæði út frá landslagi sjávarbotns. Síðan var farinn leiðangur til þess að mynda lífríki kóralsvæðanna og afla gagna um ástand þeirra. Lögð var áhersla á að kanna ástand kóralsvæða sem talin voru í mikilli hættu, þ.e. þau sem eru innan hefðbundinna veiðisvæða skipa með botnvörpu. Á öllum slíkum hættusvæðum, sem könnuð voru, sáust ummerki um að þar hafði vaxið kóral, en hann verið mölvaður (3. mynd). Ummerki sáust eftir botntroll, t.d. leifar af trollneti, slitnir grandarar og för eftir botnhlera (4. mynd). Á tveimur stöðum sem rannsakaðir voru í hlíðum landgrunnsins var kóral í góðu ástandi og dýralíf fjölbreytt, t.d. suður af Hornafjarðardjúpi (5. mynd).

Sigmar A. Steingrímsson







2. mynd. Þekktir fundarstaðir steinkóralsins *Lophelia pertusa*, samkvæmt rituðum heimildum og gagangrunni BIOICE. Þekjan sýnir fjöldi toga með fiskibotnvörpu á hverja fersjómlu árið 2003.



4. mynd a-d. (a-b) Molaður og dauður kóral (Lophelia pertusa); ummerki eftir togveiðarfæri (c) og toghlera (e).



3. mynd. Kóralsvæði suður af Öraefagrunni, samkvæmt niðurstöðum fyrirspurnar Hafrannsóknastofnunarinnar til sjómanna. Fjölgeislamælingar leiddu í ljós að þar eru hólur, u.þ.b. 10 m háir, á sjávarbotni (dýpi 250 m), en á slíkum hæðum er algengt að steinkórallinn *Lophelia pertusa* vaxi. Neðansjávarmyndvél (ROV = remote operated vehicle) var notuð til þess að kanna lífríki svæðisins, staðfesta tilvist kórals þar og kanna ástand hans. Lífríki var fábrotið, kóral (Lophelia pertusa) almennt brotinn og ummerki voru eftir togveiðar (sjá ljósmyndir).



5 mynd. Kóralsvæði í landgrunnshlíðum suður af Hornafjarðardjúpi, samkvæmt niðurstöðum fyrirspurnar Hafrannsóknastofnunarinnar til sjómanna. Niðurstöður fjölgeislamælinga sýna vel bratta hlíðina, með gilskorningum. Neðansjávarmyndvél (ROV) var notuð til þess að kanna lífríki svæðisins (dýpi um 500 m), staðfesta tilvist kórals þar og kanna ástand hans. Lífríki var fjölskrúðugt, þar á meðal ýmsar gerðir kóralla (t.d. *Lophelia pertusa*). Kóralsvæðið var mjög þríflegt og engin ummerki sáust eftir togveiðar (sjá ljósmyndir).



NYTJASTOFNASVIÐ

ALMENN STARFSEMI

Á árinu var unnið að um 75 rannsóknaverkefnum á nytjastofnasviði. Stór hluti þeirra eru langtíma verkefni sem tengjast mati á stofnstærð rúmlega 30 nytjastofna. Rannsóknir á ýmsum lífsháttum fjölmargra tegunda skipuðu einnig veglegan sess í rannsóknum á sviðinu. Auk þess var unnið að nokkrum stórum verkefnum sem tengjast rannsóknum á nytjastofnum, svo sem innslætti eldri gagna í gagnagrunn stofnunarinnar. Þá skal þess getið að nokkur verkefni varðandi nytjastofna voru að mestu leyti framkvæmd á vegum útibúa stofnunarinnar og eru þau því tilgreind nánar síðar í skýrslunni.

Stór hluti vinnunnar á nytjastofnasviði tengist undirbúningi að úttekt á hinum ýmsu stofnum. Undirstöðupættir stofnmats eru lengdar- og þyngdarmælingar auk aldurslesninga. Á árinu 2004 voru alls um 1,5 milljónir fiska og 230 þúsundir hryggleysingja lengdarmældir af starfsmönnum stofnunarinnar og veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu. Um 115 þúsund fiskar voru kvarnaðir og tekið hreistur af um 13 þúsund síldum til aldursákvæðana.

STOFNSTÆRÐARRANNSÓKNIR

Að venju fóru stofnmælingar fram með ýmsum hætti, einkum þó veiðarfærum (botnfiskar og hryggleysingjar) og með bergmálsaðferð (uppsjávarfiskar). Mikilvægur þáttur í rannsóknum á stofnstærð eru enn fremur gögn úr aflagabókum fiskiskipa um afla á sóknareiningu sem nýtt eru að meira eða minna leyti fyrir alla helstu nytjastofna. Slík gögn eru mikilvægust fyrir stofna sem erfitt er að aldursgreina eða þar sem gögn um aldursdreifingu afla eru ekki til staðar. Aldurs-afla reiknilíkön, tímaraðagreiningar og afraksturslíkön voru síðan notuð til að meta stærð nokkurra helstu nytjastofna.

Stofnmælingar með veiðarfærum

Botnfiskar

Stærsta verkefnið var stofnmæling botnfiska (SMB) sem fram fór í 20. sinn dagana 1. til 21. mars. Stofnmælingin var framkvæmd á fjórum togurum allt í kringum landið, alls 533 hefðbundnar rallstöðvar, auk þess sem tveir togarar endurtóku 91 tog til samanburðarrannsókna á Vestfjarða- og Austfjarðamiðum. Stofnmæling botnfiska beinist að því að meta með aukinni nákvæmni stærð og nýliðun botnlægra fiskistofna,

einkum þorsks en einnig ýsu og gullkarfa. Með þessu móti er stefnt að traustari grunni fiskveiðiráðgjafar. Vægi þessa verkefnis hefur ennfremur farið vaxandi hvað varðar vísbendingar um stofnþróun ýmissa annarra smærri nytjastofna eins og steinbits, löngu, keilu, skötusels, hrognkelsis, skarkola, sandkola, skrápflúru, þykkvalúru og lúðu.

Í apríl var farið í stofnmælingu með netum (SMN) á fimm netabátum við Suður- og Vesturland og tveimur bátum norðan lands. Langtíma-markmið þessara rannsókna er að bæta mat á stærð og aldurssamsetningu hrygningarstofns þorsks og fer stofnmælingin fram á svæðinu frá Breiðafirði suður um land til Eystra Horns auk sjö fjarða við Norður- og Norðausturland. Sýnatöku hefur einnig verið beint að ufsa í auknum mæli undanfarin þrjú ár. Í þessu verkefni hafa einnig aflast mikilsverðar upplýsingar um stærðarsamsetningu fisks í net með mismunandi möskvastærð.

Í júlí fór fram árleg könnun á skarkola og sandkola í Faxaflóa á dragnótabátum til að afla upplýsinga um aldursdreifingu og magn þessara tegunda í flóanum.

Stofnmæling botnfiska að haustlagi (SMH) var farin í 9. sinn dagana 5. október til 4. nóvember á rs. Árna Friðrikssyni og Bjarna Sæmundssyni. Í þessu verkefni er lögð áhersla á dýpri slóðir en í stofnmælingu botnfiska í mars (SMB), með stofnmat á grálúðu og djúpkarfa að leiðarljósi (Árni Friðriksson) auk gullkarfa, þorsks og ýsu á grynri slóðum (Bjarni Sæmundsson).

Krabbadýr og skeldýr

Helstu stofnmælingar á hryggleysingjum eru stofnmat á úthafsækju og innfjarðastofnum rækju, auk humars og hörpudisks. Stofnmæling úthafsækju (SMR) fór fram á rs. Dröfn og Bjarna Sæmundssyni á tímabilinu 7. júní til 7. júlí á svæðinu frá Vestfjarðamiðum og norður um til Austurmiða. Þessar rannsóknir veita mikilvægar upplýsingar um stofnstærð og nýliðun á öllu útbreiðslusvæði úthafsækju.

Stofnmæling innfjarðarækju fór fram á rs. Dröfn á Arnarfirði og Ísafjarðardjúpi og tveimur rækjubátum í fjórum fjörðum norðanlands í febrúar. Stofnvísitala og nýliðun rækju var að venju metin eftir svæðum en einnig kannaður fjöldi og út-

breiðsla seiða og smáfisks af þorski og ýsu með tilliti til þess hvort veiðar megi hefjast. Sú rannsókn skar úr um endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um leyfilegan hámarksafla fiskveiðiárið 2003/2004. Sambærileg stofnmæling var einnig gerð á leiguskipi á Vestfjörðum í september-október. Vegna lélegs ástands rækjustofna lagði Hafrannsóknastofnunin ekki til að stundaðar yrðu rækjuveiðar innfjarða á fiskveiðiárinu 2004/2005.

Rækjumið í Breiðafirði, Kolluál, Jökuldjúpi og Eldey voru könnuð á rs. Dröfn í apríl-maí. Mældist lítið af rækju á svæðunum og aðeins smávægilegar veiðar voru stundaðar við Snæfellsnes.

Stofnmæling á humri var gerð í maí á rs. Dröfn fyrir sunnanverðu landinu, eða frá Jökuldjúpi og austur í Lónsdjúpi. Markmið þessa verkefnis er einkum að meta stofnvísitölu humars og nýliðun auk þess sem það rennir traustari stoðum undir sýnatöku úr humarafla eftir svæðum fyrir endanlegt stofnmat. Þessi rannsókn er einnig mjög mikilvæg fyrir stofnmat á langlúru sem hefur svipaða útbreiðslu hér við land og humar, auk skrápflúru sem er mjög útbreidd á humarslóð.

Í október fór fram stofnmæling á hörpudiski á skelbát í Breiðafirði sem er langstærsta veiðisvæði þeirrar tegundar. Mikilvægi rannsóknarinnar er einkum fólgið í upplýsingum um stofnvísitölur og nýliðun. Samkvæmt þeirri mælingu hefur hörpudisksstofninn í Breiðafirði minnkað um 70% síðan í ársbyrjun 2000, sem rekja má til stóraukinna náttúrulegra dauðsfalla einkum í eldri hluta stofnsins. Nýliðun lofar hins vegar góðu.

Í september 2004 var farið í stofnmælingu á kúf-skel á kúffiskskipi á áður ókönnuðum svæðum við Austur- og Suðausturland og fundust m.a. ný mið við Ingólfshöfða.

Berg máls mælingar

Sumargotssíld og norsk-íslensk síld

Stofnmæling á íslensku sumargotssíldinni fór fram á rs. Bjarna Sæmundssyni vestan lands í janúar-febrúar og mældist stærsti hluti hrygningarstofnsins út af Snæfellsnesi. Hins vegar var yngri hluti stofnsins ekki mældur á árinu. Markmið þessara mælinga er einkum tvíþætt, þ.e. mæling á stærð veiðistofnsins annars vegar og

hins vegar stærð uppvaxandi árganga með tilliti til væntanlegar nýliðunar í veiðistofninn.

Magn og útbreiðsla norsk-íslensku síldarinnar innan íslenskrar lögsögu austur og norðaustur af landinu var rannsökuð á rs. Árna Friðrikssyni í maí-júní. Mikilvægi þessara athugana felst einkum í því, að niðurstöður bergmálmælingar innan íslenskrar lögsögu eru hluti af ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um veiðar úr þessum stofni. Einnig fást mikilvægar haf- og vistfræðilegar upplýsingar í þessum rannsóknum auk þess sem aðrir stofnar uppsjávarfiska eru kannaðir. Haustið 2004 varð vart við norsk-íslenska síld í förmum síldarskipa austur af landinu og var því skipulagt sérstakt átak í sýnatöku úr lönduðum afla og rs. Árni Friðrikson kannaði svæðið með tilliti til þessa í loðnuleiðangri í nóvember.

Loðna

Stærð veiðistofns loðnu var mæld með bergmálsaðferð í janúar-febrúar út af Austur- og Suðausturlandi á rs. Árna Friðrikssyni og á rs. Bjarna Sæmundssyni við Vestfirði í apríl. Langmest mældist af loðnu undan Suðausturlandi. Stofnmæling á kynþroska hluta stofnsins og ókynþroska 1-2 ára loðnu var síðan gerð á rs. Árna Friðrikssyni og að hluta á rs. Bjarna Sæmundssyni í nóvember. Aðalmarkmið rannsókna er að afla upplýsinga um stærð veiðistofnsins og væntanlega nýliðun að ári. Stofnstærðarmælingar á loðnu hafa verið nokkrum erfiðleikum háðar undanfarin ár sem m.a. er talið að rekja megi til breytinga á umhverfisaðstæðum einkum hitastigi sjávar. Af þessum ástæðum var farið í sérstakan leiðangur á rs. Árna Friðrikssyni í júní-júlí norður fyrir land. Þá skal þess getið sérstaklega að á árinu 2004 var hafin skipuleg samvinna við loðnuskip um loðnuleit í.

Kolmunni

Magn og útbreiðsla kolmunna innan íslensku lögsögunnar voru könnuð með bergmálsaðferð í ágúst á rs. Bjarna Sæmundssyni. Í stórum dráttum var heildarstofninn mældur allt frá svæðinu djúpt undan Snæfellsnesi suður og austur fyrir land og að mörkum fiskveiðilögsögunnar suðaustur af landinu. Þá mældist að þessu sinni talstvert af kolmunna við norðaustanvert landið eins og 2003 sem er nýlunda. Með þessu verkefni fást auk þess upplýsingar um göngur og nýliðun kolmunna á fyrsta ári, en lítið hefur verið vitað

um árgangastyrk kolmunna fyrr en hann kemur inn í veiðistofninn.

Stofnstærðarlíkön

Mat á stærð og þróun hinna ýmsu nytjastofna byggir á ýmsum reiknilíkönum auk ofangreindra stofnmælinga á hafi úti, en gögn úr þeim leiðöngurum eru oft nauðsynlegur þáttur í reiknilíkön-um. Á árinu 2004 voru aldurs-afla líkön þannig notuð við stofnmat á þorski, ýsu, ufsa, skarkola, langlúru, síld, kolmunna og humri, auk þess sem tímaraðagreiningum var beitt á stofna þorsks og ufsa.

Afraksturslíkön og þróun í lönduðum afla og afla á sóknareiningu úr afladagbókum fiskiskipa voru veigamikil gögn í stofnmati á gull- og djúpkarfa, grálúðu, skarkola, sandkola, steinbít, humri og rækju. Hvað varðar úthafs-rækju var stofnmatið fjölstofnatengt með tilliti til stærðar þorskstofnsins á rækjusvæðinu og áts þorsks á rækju.

M E R K I N G A R

Ufsamerkingum var haldið áfram á nokkrum stöðum við landið en þær hófust árið 2000 eftir að hafa legið niðri að mestu síðan á 7. áratugnum. Alls voru merktir um 3.200 ufsar á árinu 2004 en um 10.000 ufsar hafa verið merktir alls síðan árið 2000.

Um 6.700 þorskar voru merktir á svæðinu frá Breiðafirði og suður með landinu til Suðausturlands. Þar af voru um 650 fiskar merktir með raf-eindamerkjum sem skrá sjávarhita og dýpi sem fiskurinn heldur sig á á hverjum tíma þar til hann er endurheimtur. Um 200 rafeindamerki voru auk þess búin tæknibúnaði til að taka á móti GPS staðsetningum frá rs. Bjarna Sæmundssyni þannig að mögulegt er að vita nákvæmlega hvar fiskur var staðsettur á tilteknum tíma þegar lesið er úr merki endurheimts fisks. Endurheimt raf-eindamerki voru þannig í auknum mæli nýtt til rannsókna á atferli þorsks, láréttum og lóðréttum göngum og viðveru hans á veiðisvæðum með sérstöku tilliti til veiðanleika.

Í Faxaflóa voru merktir um 1000 sandkolar árið 2004 og hafa endurheimtur úr merkingum 2003-2004 gefið mikilsverðar vísbendingar um fiskveiðidauða í þessum stofni.

GÖNGUR SKARKOLA Í BREIÐAFIRÐI

Á árinu lauk rannsóknum á göngum og atferli skarkola vestan Íslands. Hluti þeirra rannsókna fór fram í Breiðafirði, en þar eru bæði hrygningarsvæði og uppeldisslóðir skarkola.

Dagana 4. og 5. apríl 1997 voru 700 hrygnandi skarkolar merktir á hrygningarsvæðinu á Flákakanti í utanverðum Breiðafirði og 500 ókynþroska skarkolar á grunnslóðinni út af Ólafsvík. Helsta markmið merkinganna á Flákakanti var að svara spurningum um það hvert kolinn haldi eftir hrygningu og hvort hann komi aftur á sömu hrygningarslóð næstu ár. Tilgangur merkinganna út af Ólafsvík var að afla upplýsinga um það hvert kolinn sem elst þar upp leiti til hrygningar við kynþroska.

Í grófum dráttum má lýsa göngum skarkolans á Flákakanti á eftirfarandi hátt: Kolinn hélt eftir hrygningu í fæðuleit í norðanverðan Breiðafjörð og á Vestfjarðamið (bláir þríhyrningar á mynd). Hann kom síðan aftur á sama hrygningarsvæði á hrygningartíma næstu ára, með nokkrum undantekningum við suðvestanvert landið og á Vestfjarðamiðum. Líkurnar á því að skarkoli sem hrygnir á Flákakanti komi þangað aftur til hrygningar næsta ár reiknast yfir 90%. Þá er miðað við fjölda og dreifingu endurheimtra merkja og sóknarþunga á mismunandi hrygningarsvæðum við landið. Niðurstöðurnar benda því til tryggðar skarkola við hrygningarsvæðið þrátt fyrir að mestur hluti kolans haldi á aðrar slóðir í fæðuleit.


Ókynþroska skarkoli á grunnslóð út af Ólafsvík hélt sig í sunnanverðum Breiðafirði sumarið eftir merkingar (rauðir punktar á mynd). Hluti kolans varð kynþroska um haustið og á hrygningartíma næstu ára fengust kynþroska kolar einkum á svæðinu frá Vestmannaeyjum að Reykjanesi. Ókynþroska kolar héldu sig hinsvegar áfram á grunnslóðinni við norðanvert Snæfellsnes.

Megnið af þeim kola sem gekk til hrygningar við suðvestanvert landið hefur líklega verið að hrygna í fyrsta skipti eftir að hafa alist upp í Breiðafirði. Þekkt er sú tilhneiging sjávarfiska að leita á móti ríkjandi straumum er þeir halda til hrygningar frá uppeldisslóð, oft í átt að hrygningarsvæði foreldranna. Niðurstöðurnar eru í

samræmi við það og benda til að hluti skarkolans sem merktur var út af Ólafsvík sé upprunninn frá hrygningarslóðum við Reykjanes og vestan Vestmannaeyja.

Hér hefur verið fjallað um skarkola sem merktir voru á tveimur svæðum í Breiðafirði. Athygli vekur hve ólíkt göngumynstur þeirra var þótt einungis 14 sjómílur aðskilji merkingastaðina. Hrygningarkolinn á Flákakanti hélt sig aðallega í norðanverðum Breiðafirði og á Vestfjarðamiðum, en kolinn af uppeldisslóðinni út af Ólafsvík leitaði hinsvegar í meira mæli suður fyrir Snæfellsnes.

Jón Sólmundsson



Staðsetning endurheimtra skarkola úr merkingum á hrygningarsvæðinu á Flákakanti í utanverðum Breiðafirði (bláir þríhyrningar) og á uppeldisslóð út af Ólafsvík (rauðir punktar). Efri myndir sýna endurheimtur fyrsta árið en neðri myndir seinni ár. Myndir til vinstri sýna hrygningartíma (1. mars - 15. maí) en myndir til hægri fæðuöflunartíma (16. maí - 28. febrúar).

Hvað varðar þorsk- og einnig kolamerkingar var áfram lögð rík áhersla á úrvinnslu fyrirbyggjandi gagna á árinu 2004, enda hafa alls um 54.000 þorskar verið merktir með hefðbundnum merkjum og rafeindamerkjum á árunum 1991-2004 og um 12.000 flatfiskar árin 1995-2004. Með auknum merkingum hefur endurheimtum að sama skapi fjölgað, eða úr 520 árið 2001 í tæplega 1 700 árið 2004.

Í júní voru yfir 500 djúpkarfar merktir á rs. Árna Friðrikssyni með sérstökum neðansjávarmerkingarbúnaði. Hér er um að ræða samvinnuverkefni með fyrirtækinu Stjörnu-Odda um þróun á mjög tæknilegum búnaði sem hannaður er sérstaklega fyrir fisktegundir sem ekki er hægt að merkja með hefðbundnum hætti úr veiðarfærum um borð í skipi, einkum karfa. Þessi árangur er nýstárlegur í heiminum og bendir til þess að hægt sé að hefja merkingar á karfa og e.t.v. fleiri líkum tegundum, í stórum stíl á komandi árum.

Loks skal þess getið að fyrstu merkingar á skötusel fóru fram við Eldey á árinu, sem væntanlega verður fram haldið 2005.

GRUNNRANNSÓKNIR Á FISKUM OG HRYGGLEYSINGJUM

Árið 2004 bárust margar sjaldséðar tegundir til greiningar, einkum frá karfamiðum á Reykjanes-hrygg og grálúðuslóð vestur af Víkurál. Þá fundust tveir tunglfiskar (*Mola mola*) reknir á fjörur við Þorlákshöfn og Eyrarbakka.

Viðamiklu verkefni, sem beinist að því að bæta þekkingu á samspili karfastofna í Norðvestur Atlantshafi á svæðinu Færeyjar-Ísland-Grænland, lauk á árinu 2004 en það hófst árið 2000. Um var að ræða samstarfsverkefni Íslendinga, Þjóðverja, Norðmanna og Spánverja sem styrkt var af Evrópusambandinu. Helstu þættir voru rannsóknir á samsetningu stofnanna hvað varðar ytra útlit, lögun og efnasamsetningu kvarna, erfðafræði og æxlun, auk útbreiðslu og upplýsinga um stofnstærð.

Skipulegum rannsóknum á skötusel sem hófust árið 2000 var haldið áfram á árinu. Verkefnið byggir á því að kanna almenna líffræði skötusels fyrir sunnanverðu landinu og að fylgjast með aflasamsetningu eftir veiðislóðum. Ennfremur var

haldið áfram að safna sýnum til aldurslesninga. Stofnunin tók þátt í tilraunaveiðum á túnfiski í samvinnu við japanska útgerðaraðila. Fimm japönsk skip stunduðu veiðar með flotlínu á hafsvæðinu suður af Íslandi frá 25. ágúst til 7. október. Afli og aflabrögð voru skráð í öllum skipunum en auk þess voru rannsóknarnamen stofnunarinnar um borð í þremur skipanna og söfnuðu sýnum til rannsókna. Hafrannsóknastofnun tekur þátt í vísindasamstarfi með öðrum aðildarþjóðum Alþjóðatúnfiskráðsins (ICCAT) þar sem m.a. er unnið að þróun aðferða til að aldursákvarða túnfisk og við rannsóknir á erfðabreytileika túnfiska í N-Atlantshafi. Einnig var áfram unnið að rannsóknum á fæðu túnfisk á hafsvæðinu suður af Íslandi.

Verkefni sem beinist að því að kanna fæðu þorsks sem veiddur er í mismunandi veiðarfæri og á ýmsum veiðislóðum og árstímum var haldið áfram, en það hófst á árinu 2001. Með þessari rannsókn er leitast við að skýra tengsl fæðu og veiðanleika þorsks. Auk þess var að venju fylgst með fæðu og holdafari helstu nytjafiska með skipulegri sýnatöku á mögum og lifur í rannsóknaleiðöngnum, auk rannsókna á lengd og þyngd eftir aldri, kynþroska og svæðum.

Athuganir á umfangi brottkasts eftir veiðarfærum héldu áfram árið 2004. Umfang verkefnisins byggðist á hundruðum mælinga á sjó- og landi - einkum á þorski og ýsu - sem gerðar voru af veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu.

Haldið var áfram rannsóknum sem beinast að því að kanna meðafli í veiðum flotvörpuskipa en það hófst á vormánuðum 2003. Á árinu var einkum lögð áhersla á kolmunnaveiðarnar eins og árið áður.

Gagnasöfnun á djúpfiskum var með hefðbundnum hætti úr afla fiskiskipa svo sem gulllaxi, blá-löngu, löngu og keilu. Afla- og sóknargögnum var ennfremur gerð skil í skýrslu til djúpfiskavinnunefndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Athuganir fóru einnig fram á öðrum fiskistofnum sem lítt hafa verið nefndir hér að framan eins og lúðu, þykkvalúru og stórkjöftu. Þá var haldið áfram með vöktun á svipudýrasýkingum í skar-kola.

Unnið var áfram við verkefni, sem hófst á árinu 2001 og kostað er af Norrænu ráherranefndinni, en markmið þess er m.a. að meta aukaafli við

VÖXTUR, KYNÞROSKI OG FRJÓSEMI STEINBÍTS (*Anarhichas lupus* L.) VIÐ ÍSLAND


Engar rannsóknir hafa hingað til verið gerðar á sambandi vaxtar og kynþroska hjá steinbít *Anarhichas lupus* (L.), né á kynþroska og frjósemi steinbíts við Ísland. Almennir hrygna beinfiskar nokkrum mánuðum eftir að egg þeirra hafa náð þroskastigi sem nefnt er „cortical alveolus“, en egg steinbíts geta verið á þessu þroskastigi í nokkur ár áður en hann hrygnir í fyrsta sinn.

Árið 2002 var steinbítshrygnum safnað af tveimur hafsvæðum við Ísland með mismunandi sjávarhitu; 559 hrygnum á hlýrra hafsvæðinu út af Vestfjörðum og 229 hrygnum á því kaldari út af Norðausturlandi (1. mynd). Niðurstöður sýndu að enginn munur var á frjósemi steinbíts milli þessara tveggja svæða. Steinbítur á „cortical alveolus“ stiginu, sem ekki hafði hrygnt áður, var út af Norðausturlandi að meðaltali eldri en álíka


langur steinbítur út af Vestfjörðum, eða 3,8 ára og 21,5 cm út af Norðausturlandi - en 2,7 ára og 19,7 cm út af Vestfjörðum (2 og 3. mynd, K1). Steinbítur hrygndi að meðaltali eldri og lengri út af Norðausturlandi en út af Vestfjörðum; þ.e. 13,8 ára og 72,6 cm út af Norðausturlandi, en 10,6 ára og 63,6 cm út af Vestfjörðum (2. og 3. mynd, K1).

Steinbítur óx hraðar út af Vestfjörðum en út af Norðausturlandi (4. mynd). Hjá steinbít virðast vera tengsl milli hitastigs og sambands vaxtar og kynþroska. Steinbítur á hlýrra hafsvæðinu út af Vestfjörðum óx hraðar og varð fyrir kynþroska en steinbítur á kaldara hafsvæðinu út af Norðausturlandi sem óx hægar og varð seinna kynþroska.


Ásgeir Gunnarsson




1. mynd. Staðsetning sýna sem safnað var í þessari rannsókn.



2. mynd. Kynþroskaferlar steinbítshrygna eftir lengd frá Vestfirðum (Vestur) og Norðausturlandi (Austur), fyrir hrygnur með egg á „cortical alveolus“ stigi, sem hafa ekki hrygnt áður (K1) og hrygningarfisk (K2).



3. mynd. Kynþroskaferlar steinbítshrygna eftir aldri frá Vestfirðum (Vestur) og Norðausturlandi (Austur), fyrir hrygnur með egg á „cortical alveolus“ stigi, sem hafa ekki hrygnt áður (K1) og hrygningarfisk (K2).



4. mynd. Vöxtur steinbítshrygna sem veiddar voru út af Vestfirðum og Norðausturlandi.

rækju- og hörpudisksveiðar við Ísland og víðar í Norður-Atlantshafi, auk áhrifa veiða á lífríkið á þeim slóðum og viðkvæm búsvæði.

Rannsókn á lóðréttri hreyfingu kúfiskelja á sjávarbotni í Eyjafirði lauk á árinu 2004 svo og forkönnun á slíkum hreyfingum skeljarinnar í eldistöðinni í Grindavík. Vitneskja um þessa þætti skiptir miklu máli við stofnmat.

Ýmsar athuganir fóru fram á öðrum hryggleysingjum, m.a. voru gadda- og skessukrabbar að venju rannsakaðir í humarleiðangri í maí, mælingar gerðar á kræklingi frá kræklingræktarstöðum og smokkfisk- og krabbadýrategundir sem bárust stofnuninni greindar.

SJÁVARSPENDÝR

Helsta verkefni stofnunarinnar árið 2004 á sviði hvalarannsóknna tengdist umfangsmiklum rannsóknum á hrefnu. Meginmarkmið verkefnisins tengist fæðuvistfræði hrefnu á landgrunni Íslands (fæðusamsetning, fæðupörf, árstíða- og svæðamunur á fjölda hvala, þróun fjölstofnalíkans) auk þess sem leitast er við að kanna stofngerð hennar (erfðafræði, gervitunglamerkingar), heilsufar (sníkjudýr, sjúkdómar, meinafræði), lífsöguþætti (vöxtur, kynþroski, viðkoma), lífeðlisfræði (hormónar, útskilnaður) og uppsöfnun mengunarefna í vefjum. Framkvæmd verkefnisins hófst með veiðum og umfangsmiklum sýnatökum og mælingum á 36 hrefnum sumarið 2003 og var haldið áfram 2004 með veiðum á 25 dýrum á tímabilinu 3. júní til 6. júlí. Alls hefur því veiðst 61 hrefna af þeim 200 sem áætlun verkefnisins gerir ráð fyrir. Upphaflega var gert ráð fyrir að gagnasöfnun vegna verkefnisins lyki á tveim árum, en nú er gert ráð fyrir að henni ljúki árið 2006.

Úrvinnsla er hafin á fæðusýnum, mengunarsýnum, hormónum og sýnum til að meta aldur og kynþroska dýranna. Einnig hefur heilsufar hrefnanna verið metið með ýmsum mælingum á blóði og örverum. Verkefnið er unnið í samvinnu við sérfræðinga á Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins, Tilraunastöð HÍ í meinafræði og Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Framvinda hrefnuverkefnisins var kynnt á ársfundi vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins (IWC) í júlí.

Flugtalningar á hvölum fóru fram á íslenska landgrunninu á tímabilunum 19. til 29. apríl, 21.

júní-2. júlí og 14.-23. september. Tilgangur endurtekinnar talninga yfir árið var að kanna viðveru hvalanna á íslenska landgrunninu, sérstaklega hrefnu, í tengslum við fæðuvistfræði hrefnu. Frumniðurstöður sýndu að seinni hluta apríl var hrefnan lítið komin á strandsvæðin við Ísland, 7% miðað við hásumar, en í september var þéttleikinn enn um 36%. Höfrungar voru um 40% af hásumarþéttleika bæði vor og haust.

Tilraun var gerð til að fylgjast með ferðum hrefna með aðstoð gervihnattakerfisins ARGOS. Alls voru 7 hrefnur merktar í Faxaflóa á tímabilinu 27. ágúst-23. september. Nothæfar sendingar bárust frá þrem dýranna fram til 8. október og tókst að fylgjast með ferðum einnar suðvestur eftir Reykjaneshrygg allt suður fyrir 50°N. Þann 17. nóvember fóru að berast merki um gervitungl frá hrefnu sem ekkert hafði heyrst í frá því hún var merkt í Faxaflóa þann 27. ágúst. Hún var þá stödd yfir Mið-Atlantshafshryggnum 900 km vestur af N-Spáni. Síðustu sendingar um ferðir hrefnunnar bárust 5. desember og var hún þá stödd í Kanarístraumnum, um 1000 km norðvestan við Grænhöfðaeyjar og 3700 km frá merkingarstaðnum í Faxaflóa. Aldrei hefur náðst að fylgja ferðum hrefna svo langt fram á haustið fyrr og hafa rannsóknirnar því þegar skilað umtalsverðri nýrri þekkingu á fari tegundarinnar í Norður Atlantshafi.

Á árinu hófst vinna við greiningar á erfðafræði langreyðar við Ísland til samanburðar við önnur svæði í Norður Atlantshafi. Rannsóknir þessar eru til undirbúnings sérstakrar úttektar vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins á stofngerð langreyðar í Norður Atlantshafi sem fram fer árið 2005.

Úrvinnsla gagna frá hvalatalningarleiðangri 2001 var haldið áfram innan vinnunefndar NAMMCO. Fjöldi hrefna á íslenska landgrunnssvæðinu var áætlaður um 43.600 dýr og fjöldi dýra í mið-Atlantshafsstofni um 63.500 dýr.


Úttektir voru gerðar á vegum vísindanefndar NAMMCO á ástandi langreyðarstofna við Ísland og Færeyjar og hrefnustofnsins við Ísland sem byggðu á talningagögnum frá 2001. Auk þess hófst vinna við úttekt á ástandi útselastofna í Norðu Atlantshafi auk þess sem flugtalningar á útselskópum fóru fram á Ströndum á tímabilinu september til desember.

FERÐIR HREFNU SUÐUR UM HÖF

Stofngerð og far hefur lengi verið eitt best varðveitta leyndarmál skíðshvala þótt lengi hafi verið vitað að lífsferli flestra tegunda mótist mjög af árstíðum. Hrefna er fardýr eins og aðrir skíðshvalir og heldur til á íslensku hafsvæði við fæðunám frá vori fram á haust. Nánast ekkert er vitað um ferðir hrefnu utan fæðuslóðar á sumrin og eru vetrarstöðvar hennar í Norður Atlantshafi óþekktar. Fyrstu tilraunir til að merkja hrefnu með gervitunglasendi hér við land voru gerðar í ágúst árin 2001 og 2002. Merkjum skotið í 4 hrefnur í Skjálfaflóa og bárust nothæfar sendingar frá þremur þeirra, þar af tveimur í meira en tvo mánuði og héldu þær sig fremur grunnt úti fyrir Norðurlandi frá Skagafirði og austur fyrir Langanes. Merki bárust frá annarri þeirra þar til 8. nóvember, en þá var hún stödd um 800 km suður af landinu og hafði farið í suður austan við land.

Í ágúst og september 2004 var 7 merkjum skotið í hrefnur í Faxaflóa og fengust nothæfar merkja-sendingar frá fjórum þeirra. Þar af fengust mikilsverðar upplýsingar um far frá þeim tveim hrefnum sem sendu í lengstan tíma. Önnur þeirra yfirgaf Faxaflóa 22. september og synti hratt vestur að landgrunnsbrún þar sem hún hélt sig í 3-4 daga. Þáðan hélt hún til suðvesturs meðfram Reykjanes hrygg. Síðast heyrðist í hrefnunni þann 8. október um 550 km austnorðaustan við Flæmska hattinn. Meðalhraði hrefnunnar á suðurleiðinni var allt að 10 km á klukkustund.

Þann 17. nóvember bárust merki frá hrefnu sem merkt hafði verið í Faxaflóa 27. ágúst og voru það fyrstu upplýsingarnar sem bárust frá því dýri. Hrefnan var þá stödd yfir Mið-Atlantshafshryggnum um 800 km vestur af N-Spáni. Þann 23. nóvember bárust aftur sendingar frá hrefnunni sem þá var stödd um 700 km sunnar og hélt sig við Azoreyjar. Síðast barst merki frá henni 5. desember í Kanarístraumnum, um 1000 km norðvestan við Grænhöfðaeyjar, um 3700 km frá merkingarstaðnum í Faxaflóa. Ekki er ljóst hvaða leið hrefnan fór á Azoreyjasvæðið, en ekki er útilokað að hún hafi fylgt sömu upphafsstefnu og hinar tvær, þ.e. SV eftir Reykjanes-hrygg en síðan sveigt til austurs eftir Mið-Atlantshafshryggnum til Azoreyjasvæðisins.



Áður hafa nokkrar sambærilegar tilraunir með merkingar á hrefnum verið gerðar á öðrum hafsvæðum með litlum árangri og aldrei hefur áður tekist að fylgjast með ferðum hrefnu svo langt fram á veturinn. Þótt þessar rannsóknir hafi þegar skilað mikilsverðum upplýsingum um haustfar hrefnu og gefið fyrstu vísbendingar um vetrarstöðvar tegundarinnar, er vissulega þörf á frekari rannsóknum til að varpa ljósi á farhegðun hrefnu og aðsetur hennar að vetrarlagi. Stefnt er að því að halda þessum rannsóknum áfram á næstu árum í tengslum við yfirstandandi átak Hafrannsóknastofnunarinnar í hrefnurannsóknum.

Gísli Víkingsson

VEIÐARFÆRARANN- SÓKNIR

Í september-október var farið á rs. Árna Friðriks-syni til að kanna kjörhæfni á fjórum mismunandi trollpokum auk smáfiskaskilja úr plasti og stáli við þorsk- og ýsuveiðar þar sem dregnar voru tvær vörpur í senn. Sjónum var ekki hvað síst beint að pokagerðum sem í framtíðinni gætu hugsanlega orðið álíka kostur við togveiðar og skiljur.

Einnig voru á árinu gerðar fyrstu tilraunir með fiskiskilju í kolmunnaflotvörpu, einkum til að skilja út þorsk og ufsa, en meðafli þessara tegunda nýtist ekki með hefðbundnum hætti og fer í bræðslu. Tilraunir þessar lofa góðu og verður fram haldið árið 2005, einkum við kolmunna-veiðar en væntanlega einnig síld- og loðnuveiðar. Loks fóru fram athuganir á nýrri gerð tveggja belgja humarvörpu sem virðist gefa góða raun fyrir báta sem draga eina vörpu.

STOFNERFÐAFRÆÐI

Karfi

Lokið var við rannsóknir á tíðni fjölgerða gena-seta í úthafs- og djúpkarfa (*Sebastes mentella*) í Grænlandshafi og suðvestur af Íslandi með erfðafræðilegum aðferðum. Tilgangurinn var að kanna hvort úthafs- og djúpkarfi séu erfðafræðilega aðskildir stofnar og einnig hvort um fleiri en einn stofn djúpkarfa sé að ræða, annan í Grænlandshafi en hinn í köntunum suður og vestur af landinu. Verkefnið tengist rannsóknum á útbreiðslu og líffræði karfa í Grænlandshafi og nálægum hafsvæðum. Samhliða erfðasýnum var safnað gögnum um kyn, kynþroska, þyngd, lengd og aldur karfans og voru þær upplýsingar notaðar samhliða arfgerðargögnum í tölfraðiúrvinnslu. Verkefnið var styrkt af Rannís, útgerðum með karfakvóta og Evrópu-sambandinu.

Ættgreining lúðu vegna kynbótarannsóknar

Markmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir (míkrósattellít erfðamörk), sem byggja á sameindaerfðafræði, sem nota má til fjöldaskýrslunar á eldislúðu (*Hippoglossus hippoglossus*). Nýpróuð erfðamörk geta nýst við ættgreiningar og geta stutt við þann mikla árangur sem Íslendingar hafa náð á sviði lúðueldis.

Rekjanleiki þorsks til stofneininga (CODTRACE)

Í þessari þriggja ára rannsókn er áætlað að skoða erfðafræðilegan skyldleika þorska frá tveimur hrygningasvæðum og fæðusvæðum við Ísland til viðbótar við fyrri þorskarannsóknir okkar. Jafnframt að rekja einstaka þorska (t.d. fisk á mörkuðum) til upprunalegrar stofneiningar þeirra.

VEIÐIEFTIRLIT

Hafrannsóknastofnunin hefur frá upphafi séð um stjórn veiðieftirlits og samkvæmt lögum fer stofnunin með vald til skyndilokana og gerir til-lögur um viðmiðunarmörk fyrir lokanir til sjávar-útvegsráðuneytis, sem miðast við hlutfallslegan fjölda undir tiltekinni stærð eftir tegundum. Veiðieftirlitshópur, sem í eru sjö fiskifræðingar stofnunarinnar, vinnur í samráði við veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, sem tilkynna um mælingar yfir viðmiðunarmörkum og leggur til stærð lokunar-svæðis í samráði við skipstjóra á viðkomandi slóð. Starfsmenn Landhelgisgæslu um borð í varðskipum koma einnig oft að skyndilokunum með svipuðum hætti.

Skyndilokanir voru alls 73 á árinu 2004, saman-borið við 113 og 139 lokanir árin 2003 og 2002. Flestar lokanir á árinu voru vegna þorskveiða. Söguleg gögn síðan 1899

Innsláttur eldri rannsóknagagna í gagnagrunn stofnunarinnar er stærsta stoðverkefni sem unnið er að á nytjastofnasviði. Verkefnið hófst árið 1996 og nú er að mestu lokið við allar færslur frá árunum 1973-1985 eða samtals um 47.000 stöðvar með sýnum af hinum ýmsu tegundum sem rannsakaðar voru á því tímabili. Vegna sér-staks rannsóknaverkefnis hefur einnig verið lokið við að slá inn alla gamla hörpudisksleiðangra og stóran hluta af gömlum rækjuleiðöngurum. Fleiri slík forgangsverkefni eru hafin eða eru á döfinni fyrir árið 2005, m.a. vegna endurlesningar á aldri síldar á fyrri árum.

Lokið er að mestu við innslátt gamalla afladag-bóka í gagnagrunn, m.a. allar aflaskýrslur fyrir rækjuveiðar á grunnslóð, hörpudisksveiðar, síld-veiðar og humarveiðar allt frá 1960, auk skýrslna um neta-, línu-, dragnóta- og spæringsveiðar sem til eru fyrir afmörkuð tímabil. Enn á þó eftir að slá inn togaraskýrslur frá árunum 1961-1969.

HNIGNUN HÖRPUDISKSTOFNSINS Í BREIÐAFIRÐI

Rannsóknir hafa sýnt töluverðar stofnstærðar-sveiflur meðal botnlægra sjávardýra, en afkoma þeirra er háð ýmsum þáttum. Umtalsverðar veiðar hafa verið stundaðar á hörpudiski í Breiðafirði undanfarnir 35 ár. Árið 2000 fór að gæta mikillar minnkunnar í stofnstærð, sem leiddi til veiðibanns árið 2003 (mynd).


Talið er að niðursveifluna megi að hluta til skýra með lélegum árgöngum frá 1991 - 1997 að árinu 1993 undanskildu. Þessir árgangar skiluðu sér í veiðistofninn 1998 - 2003. Við veiðar er sótt í tiltölulega fáa árganga, en þar sem beinn og óbeinn fiskveiðidauði eru nokkuð háir eru veiðarnar háðar stöðugri nýliðun.

Náttúrulegur dauði hörpudisks í Breiðafirði hefur verið mjög hár frá 2001 sem útskýrir einnig að hluta til niðursveifluna í stofninum (mynd). Náttúrulegur dauði er misjafn eftir svæðum, en árin 2002 - 2003 mældist mjög hár náttúrulegur dauði á aðalveiðisvæðinu í sunnanverðum firðinum. Þetta voru hæstu gildi sem mælst hafa

hingað til fyrir þessa tegund hér á landi sem erlendis. Nýverið hafa greinst tvær tegundir frumdýra sem geta valdið sjúkdómum í hörpudiski í Breiðafirði, en bein áhrif þeirra á stofninn eru ekki fyllilega ljós. Leiða má þó að því líkur að umrædd snýkjudýr séu völd að svæðisbundnum dauðsföllum. Frá árunum 2000-2002 var ástand á vöðva skeljarinnar lélegt, sem hugsanlega gæti tengst sveiflum í fæðuframboði í Breiðafirði. Hér gæti því verið um flókið samspil umhverfispátta og sýkingar að ræða.

Aukin náttúruleg dauðsföll í veiðistofninum á síðustu árum eru veigamikill þáttur í hnignun stofnsins auk nýliðunarbrests. Ljóst er að árgangar eftir 1998 hafa mælst stórir og eru væntanlegir inn í veiðistofninn á komandi árum. Það vekur því vonir um að stofninn nái sér að nýju, en Breiðfjörður er mjög frjósamur og hefur staðið undir miklum veiðum í langan tíma.

Jónas P. Jónasson



BREYTINGAR Á ÚTBREIÐSLU NYTJAFISKA Í KJÖLFAR HLÝNUNAR SJÁVAR


Á undanförunum árum hefur orðið veruleg breyting á útbreiðslu og magni margra fisktegunda á Íslandsmiðum. Sjór hefur hlýnað allt í kringum land, sem hefur leitt til stofnstækkunar meðal tegunda á norðurmörkum útbreiðslusvæðis síns við Ísland. Auk þess hafa tegundir sem áður voru nær eingöngu fyrir sunnan og vestan land orðið algengari fyrir norðan og austan. Aukinni útbreiðslu fylgir í mjög mörgum tilfellum veruleg stækkun stofns.

Þessar breytingar koma mjög vel fram í stofnmælingu botnfiska í mars og október og í stofnmælingu rækju. Dæmi um tegundir sem hafa aukið útbreiðslu og stofnstærð sína verulega eru ýsa, lýsa, skötuselur og ufsi. Magn nokkurra annarra tegunda hefur aukist á síðustu árum þó ekki eins mikið og hjá fyrrnefndum tegundum. Lélegt ástand hrygningarstofns, veiðiálag, hægur vöxtur og vistfræðileg takmörkun á stærð árganga eru allt þættir sem geta valdið því að stofn vaxi tiltölulega hægt jafnvel þó umhverfiskilyrði séu honum hagstæð. Sem dæmi má taka skarkola þar sem nýliðun takmarkast af flatar máli hentugra fjara og árgangar geta þar af leiðandi aldrei orðið mjög stórir. Að auki er hrygningarstofn skarkola fremur bágborinn um þessar mundir, sem getur valdið minni nýliðun. Annað


dæmi er þorskur en nýliðun hans hefur batnað frá árunum 1986-1996 og þorskseiði eru mun austar en áður vegna sterks straums hlýsjávar austur með Norðurlandi. Nýliðun er þó nokkuð undir langtímameðaltali, að öllum líkindum vegna lélegs hrygningarstofns og mikils veiðiálags á stærsta þorskinn.

Ekki er óviðbúið að hlýnun undanfarinna ára fylgi minnkun í magni kaldsjávartegunda á íslenska landgrunninu. Af mikilvægum kaldsjávartegundum má nefna grálúðu og loðnu en magn þeirra á og við íslenska landgrunninn hefur minnkað á undanförunum árum. Er væntanlega hægt að skrifa hluta af minnkuninni á breytingar í umhverfi en veiðarnar skipta einnig verulegu máli. Minnkandi magn loðnu á landgrunninu kemur fram í magasýnum úr þorski, bæði í stofnmælingu að vori og hausti auk þess sem meðalþyngd þorsks eftir aldri hefur lækkað á undanförunum árum. Virðist þorskur ekki ná að bæta sér upp minna aðgengi að loðnu þó breytingar undanfarinna ára virðist hafa leitt til aukinnar útbreiðslu síldar og kolmunna á íslenska landgrunninu, en þorskur étur töluvert af báðum þessum tegundum.


Höskuldur Björnsson




1. mynd. Vísitölur á magn og útbreiðslu nokkurra tegunda í stofnmælingu í mars.




2. mynd. Útbreiðsla 1 árs ýsu sem fjöldi í togi.



3. mynd. Útbreiðsla sildar sem fjöldi í togi.



4. mynd. Útbreiðsla 1 árs þorsks sem fjöldi í togi.



5. mynd. Magn loðnu í þorskmögum sem prósent af þyngd þorsksins.

ALDURSGREININGAR Á FISKUM

Hægt er að aldursgreina flestar tegundir beinfiska með því að telja áhringi í kvörnum þeirra eða hreistri. Aldursgreiningar eru m.a. mikilvægar við mat á stærð fiskistofna. Sýni til lengdarmælinga og kvörnunar eru tekin úr afla mismunandi veiðarfæra árið um kring. Árið 2004 voru samtals lengdarmældir um 1,6 milljón fiskar og rúmlega 131 þúsund voru kvarnaðir.

Aldursákvarðaðir fiskar voru alls yfir 97 þúsund. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir lengdarmælingar,

kvarnasöfnun og aldursgreiningu helstu nytjafiska árið 2004. Þar kemur meðal annars fram að rúmlega 440 þúsund þorskar voru lengdarmældir og yfir 26 þúsund kvarnaðir. Um 556 þúsund ýsur voru lengdarmældar og tæplega 21 þúsund kvarnaðar. Alls voru lengdarmældir 154 þúsund gull-, djúp- og úthafskarfar og tæplega 14 þúsund kvarnaðir. Um 172 þúsund flatfiskar voru lengdarmældir og tæplega 22 kvarnaðir. Þá voru um 6 þúsund kolmunnar kvarnaðir og yfir 12 þúsund loðnur kvarnaðar og safnað hreistri af rúmlega 6 þúsund síldum.



Yfirlit yfir sýnatökur úr fiski árið 2004. Fjöldi lengdarmældra, kvarnaðra (eða hreisturtekinnna) fiska, ásamt fjölda aldurslesinna kvarna eða hreistra.

Tegund	Lengdarmælt	Kvarnað/hreistrað	Aldurslesið
Þorskur	440.189	26.453	23.412
Ýsa	556.306	20.587	20.156
Ufsi	55.191	8.675	8.173
Gullkarfi	97.001	7.602	3.012
Úthafskarfi	11.002	917	0
Djúpkarfi	46.132	5.329	0
Blálanga	3.430	750	0
Langa	4.598	1.163	0
Keila	6.179	1.046	0
Steinbítur	30.307	3.875	2.422
Lúða	361	238	231
Grálúða	25.614	4.309	0
Skarkoli	34.840	5.684	5.372
Þykkvalúra	14.648	1.301	1.125
Langlúra	29.817	7.251	6.481
Stórkjafra	3.052	300	266
Sandkoli	15.900	1.300	1.280
Skrápflúra	47.589	1.178	1.149
Síld	89.949	6.421	5.874
Loðna	18.303	12.638	12.227
Kolmunni	41.367	6.099	6.001
Gulllax	11.024	1.049	0
Spærlingur	10.682	67	0
Skötuselur	3.812	789	0
Aðrar teg.		5.983	0
Alls	1.597.293	131.004	97.181



VEÐIRÁÐGJAFARSVIÐ

ALMENN STARFSEMI

Hlutverk sviðsins er að annast reglulega úttekt á ástandi fiskistofna, að móta tillögur stofnunarinnar að ráðgjöf um aflamark og annast útgáfu árlegrar skýrslu um ástand nytjastofna og aflahorfur á Íslandsmiðum.

Starfsemin á árinu 2004 fólst sem fyrr í því að fara yfir gögn og úttektir einstakra sérfræðinga á þeim nytjastofnum, sem stofnunin veitir ráðgjöf um. Þetta starf var unnið af sérstakri verkefnisstjórn, en auk hennar koma fjölmargir starfsmenn stofnunarinnar að rannsóknum og úrvinnslu, sem tengjast veiðiráðgjöfinni. Verkefnisstjórnin hélt alls 26 fundi á árinu.

Störf verkefnisstjórnarinnar voru með hefðbundnu sniði, þar sem áhersla var lögð á að nýta afladagbækur fiskiskipaflotans við ráðgjöfina. Þessar skýrslur ná aftur til ársins 1991 og lýsa vel aflabroögðum í einstök veiðarfæri. Veiðiráðgjafarsviðið annast móttöku afladagbókanna, skráningu og innslátt þeirra í gagnagrunn stofnunarinnar. Unnið var áfram í samvinnu við Fiskistofu við að koma á rafrænni skráningu afladagbóka. Stefnt er að því að stór hluti flotans muni skrá afladagbækurnar rafrænt á næstu misserum.

STOFNMAT

Skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum árið 2003 og aflahorfur fiskveiðiárið 2004/2005 (Fjölrit nr. 102) kom út í júní byrjun. Í skýrslunni er einnig að finna sérstakan kafla um umhverfispætti sjávar eins og hitastig og magn átu í hafinu við landið. Auk almennrar kynningar var skýrslan kynnt á sérstökum fundum með hagsmunaaðilum. Eins og við úttektina á þorski var beitt fleiri stofnmatsaðferðum en áður við úttektina á ýsu. Úttekt annarra stofna var með hefðbundnu sniði. Framhald var á hrefnuveiðum í vísindaskyni, sem hófust árið 2003 og þar miðaðist veiðin í ár við 25 dýr. Aflamark hrefnu samkvæmt tillögu stofnunarinnar er hins vegar 250 dýr á ári, svo vísindaveiðarnar hafa ekki merkjanleg áhrif á stofninn.

Þegar skýrsla stofnunarinnar um ástand nytjastofna og aflahorfur kom út í júní lágu engar mælingar fyrir um ástand og horfur í loðnuveiðum. Lagt var til að heimila ekki loðnuveiðar fyrr en tekist hefði að mæla stofninn og að minnsta kosti 400.000 tonn yrðu skilin eftir til hrygningar í vertíðarlök. Í júlí var gerður út leiðangur og í kjölfar hans var gefin út bráðabirgðaveiðiráðgjöf um upphafs afla. Ekki tókst að mæla stærð loðnustofnsins í haustleiðangri 2004, svo endan-

legar tillögur um loðnuafra á fiskveiðiárinu 2004/2005 lágu ekki fyrir fyrr en eftir áramótið 2005. Ráðgjöf fyrir rækjustofna, sem birt var í júní, var eins og venjulega bráðabirgðaráðgjöf, þ.e. tillögur um upphafsafra. Lokatillaga um leyfilegan úthafsækjaafra á fiskveiðiárinu 2004/2005 lá fyrir um áramótið 2004/2005. Endanlegar tillögur um leyfilegan afra úr innfjarðarækjustofnum var ákveðin í lok stofnmælingaleiðangra við upphaf vertíðar í október. Eini innfjarðarækjustofninn sem unnt er að heimila veiðar úr er rækjustofninn í Arnarfirði.

RÁÐGJÖF ALPJÓÐA-HAFRANNSÓKNARÁÐSINS (ICES)

Flestir þeir nytjastofnar sem Hafrannsóknastofnunin gerir úttekt á eru einnig til umfjöllunar hjá Alþjóðahafrannsóknaráðinu. Það eru þrjár vinnunefndir ráðsins sem hér eiga hlut að máli: norðvestur-vinnunefndin (North-Western Working Group; NWWG), norður-uppsjávar-fiskaneftindin (Northern Pelagic and Blue Whiting Fisheries Working Group; WGNPBW) og djúpfiskaneftindin (Working Group on the Biology and Assessment of Deep-Sea Fisheries Resources; WGDEEP). Í þeirri fyrstnefndu er fjallað um þorsk, ýsu, ufsa, gullkarfa, djúpkarfa, úthafskarfa og grálúðu. Í norður-uppsjávarfiskaneftindinni er fjallað um

sumargotssíld, norska vorgotssíld, loðnu og kolmunna. Sem stendur fer Ísland með formennsku í báðum þessum vinnunefndum. Í djúpfiskaneftindinni er fjallað um löngu, keilu, blá-löngu og gullax.

Venjan er sú að frumgögn eru unnin upp og farið yfir fyrstu drög að stofnmáti hér heima en síðan eru gögn okkar og bráðabirgðastofnmát lögð fram á árlegum fundum vinnunefndanna. Þar er farið yfir öll gögn og komist að sameiginlegri niðurstöðu um endanlegt stofnmát, sem síðan er birt í skýrslu viðkomandi vinnunefndar. Sú skýrsla er send til fiskveiðiráðgjafarneftndar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (Advisory Committee on Fisheries Management; ACFM). Þar er aftur farið yfir forsendur og niðurstöður vinnunefndanna. Niðurstaðan úr þeirri vinnu er svo skýrsla ráðgjafarneftndarinnar, sem er hin opinbera ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins.

Fiskveiðiráðgjafarneftnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins kemur saman tvisvar á ári, vor og haust. Á vorfundinum er fjallað um þá stofna sem snerta íslenska hagsmunum. Ráðgjafarneftndin lauk störfum sínum 3. júní. Endanlegar tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar til stjórnvalda eru oftast nær samhljóða ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins, en geta þó sýnt frávik komi fram nýjar upplýsingar sem skipta máli.





STOÐDEILDIR

BÓKASAFN

Starfsemi Sjávarútvegsbókasafnsins árið 2004 var með hefðbundnum hætti. Á árinu voru keyptar um 70 bækur og bókasafnið er áskrifandi að um 200 tímaritum, en alls koma á safnið um 700 titlar tímarita, skýrsla og annarra ritraða. Sem fyrr eru millisafnalán fyrirferðarmikil í starfsemiinni þó heldur hafi dregið úr þeim innanlands vegna landsaðgangs að tímaritum (hvar.is). Mest er pantað af greinum frá bókasöfnum innanlands, Norðurlöndunum og Bretlandi. Greinar í formi ljósríta eru sendar um allan heim, svo sem til Rússlands, Nýja Sjálands og Ástralíu, Ameríku, Norðurlanda og annarra Evrópuríkja en bókasöfn innanlands eru enn stærstu viðskiptavinirnir. Á heimasíðu bókasafnsins er unnt að tengjast völdum tímaritum sem mikilvæg eru við rannsóknir vísindamanna stofnunarinnar.

Safnið hefur keypt aðgang að sérhæfða gagnagrunninum Aquatic Sciences and Fisheries Abstracts (ASFA), sem auðveldar sérfræðingum stofnunarinnar aðgang að nýjustu niðurstöðum á sviði hafrannsóknna. Á árinu gerðist bókasafnið beinn aðili að ASFA-gagnagrunninum og skráir bókavörður nú íslenskt efni í gagnagrunninn.

REIKNIDEILD

Starfsfólk reiknideildar starfar aðallega við þróun fjölstofnalíkana en einnig við almenna líkanagerð í samvinnu við annað starfsfólk Hafrannsóknastofnunarinnar. Verkefnið BECAUSE er hluti af stóru ESB-verkefni sem unnið er á reiknideild. Forvera þessa verkefnis (dst2) lauk í ár og voru niðurstöður kynntar ítarlega á sérstakri ráðstefnu á ársfundi ICES haustið 2004. Að auki er unnið að gerð vöruhúss gagna, sem mun nýtast í margs konar vinnslu innan stofnunar og utan.

TÆKNIDEILD

Tæknideild hefur aðsetur í Faxaskála og starfa þar fjórir menn. Starfsmenn tæknideildar annast uppsetningu, viðhald og viðgerðir ýmissa rannsóknatækja auk hönnunar og smíði ýmiss sérbúnaðar. Ýmislegt annað viðhald um borð í rannsóknaskipum okkar er einnig töluverður hluti af starfsemi deildarinnar. Starfsmenn eru ráðgefandi varðandi kaup á ýmsum rannsóknatækjum. Þá er rekstur, viðhald og kvörðun fiskileitartækja og fjölgeislamælis stór hluti af verkefnum deildarinnar. Þátttaka starfsmanna tæknideildar í söfnun, varðveislu og úrvinnslu bergmálgagna hefur ávallt verið mikil. Svo var einnig á þessu ári. Sérstaklega hefur verið unnið að varðveislum og betra aðgengi eldri bergmálgagna á árinu

2004 og mun sú vinna halda áfram eftir því sem kostur er á næsta ári.

ÚTIBÚ

Útibú Ólafsvík

Almenn starfsemi

Gagnasöfnun úr fiskafla var að venju stór þáttur í starfsemi útibúsins. Vel gekk að nálgast sýni en það er einkum að þakka góðri samvinnu við sjómenn. Nokkuð barst af fiskmerkjum og merktum fiskum til útibúsins. Allnokkurt magn sjaldséðra fiska og furðuskepna barst útibúinu sem annað hvort voru mældir á staðnum eða sendir sérfræðingum í Reykjavík til nánari skoðunar. Starfsmenn sáu um mælingar og krufningar á hvólum sem rak á land við Breiðafjörð eða komu í veiðarfæri. Einnig var þangsýnum safnað fyrir Geisla-varnir ríkisins og að auki tóku starfsmenn þátt í ýmsum leiðöngrum á vegum stofnunarinnar.

Þorskrannsóknir

Unnið var að rannsóknnum á fæðu þorsks í samstarfi við sjómenn fjögurra báta, sem stunda veiðar með dragnót, netum, línu og handfærum. Þetta er hluti af söfnun þorskmaga frá bátum og skipum sem stunda veiðar allt í kringum landið. Í ár söfnuðust um 1600 þorskmagar og er greiningu á fæðuinnihaldi þeirra að mestu lokið. Stefnt er að því að halda þessu verkefni áfram, sem vöktun á fæðu þorsks á Íslandsmiðum. Í ár hefur Guðmundur Runólfsson hf. í Grundarfirði haldið áfram tilraunum með áframeldi á þorski. Hafa starfsmenn útibúsins annast mælingar og merkingar í samvinnu við starfsmenn eldisins.

Vöktun á ástandi hörpudisks

Haldið var áfram sýnatöku úr hörpudiski af helstu veiðislóðum í Breiðafirði, með það að markmiði að vakta almennt ástand hörpudisks. Farnir voru nokkrir leiðangrar með heimabátum til sýnatöku og til að fylgjast með ástandi hörpudisksmiða. Fylgst var með árstíðabundnum breytingum á þyngd ýmissa líffæra hörpudisks og tengslum við hitastig sjávar.

Útibú Ísafirði

Almenn starfsemi

Starfsemi útibúsins var með hefðbundnu sniði á árinu. Sýnataka úr lönduðum afla gekk vel þrátt fyrir samdrátt í útgerð og aukningu á flokkun afla. Þriðja árið í röð var ráðinn sumarstarfsmaður sem sinnti einkum greiningum á magasýnum auk sýnatöku úr afla. Með reglubundnum hætti var aflað þang- og kræklingssýna til vöktunar á geislavirkum efnum og þungmálmum. Starfsmenn tóku þátt í ýmsum árlegum leiðöngrum, s.s. stofnmælingu innfjarðarækju, togararalli og merkingaleiðöngrum.

Fæða þorsks í afla fiskiskipa

Samstarfsverkefni fjögurra útibúa og veiðiráðgjafarsviðs, auk sjó- og útgerðarmanna. Verkefnið er orðið nokkuð fyrirferðarmikið í starfsemi útibúsins en markmið þess er að afla frekari gagna um fæðu þorsks og fylla í göt bæði í tíma og rúmi. Sjómenn taka daglega magasýni úr þorski í öllum róðrum. Á vegum útibúsins var u.þ.b. 2.000 sýnum safnað á árinu af fimm bátum og skipum. Á árinu hafa verið greind 2.500 sýni, þar af 1.300 frá öðrum útibúum. Fyrstu niðurstöður verkefnisins hafa verið kynntar í málstofu Hafrannsóknastofnunarinnar auk greinar sem birt var í tímaritinu Ægi.

Líflíkur þorsks í línu- og handfæraveiðum

Verkefni þetta hefur að markmiði að meta líflíkur þorsks sem varpað er fyrir borð við línu- og handfæraveiðar. Framkvæmd tilraunarinnar gekk eins og best verður á kosið í maímánuði. Eftir veiðar var einstaklingsmerktur fiskurinn fluttur í eldiskvíar og því verður hægt að mæla vaxtarhraða m.t.t. til áverka eftir veiðar. Verkefninu, sem unnið er í samstarfi við Álfsvell hf., lauk í byrjun árs 2005.

Endurskoðun gagnasöfnunarkerfa

Á útibúinu hefur verið unnið, í samstarfi við útibúið í Vestmannaeyjum, tölvudeild Fiskistofu og SKÝRR hf., að endurbótum á hugbúnaði sem tekur við mælingum og gögnum í rannsóknaleiðöngrum. Endurbæturnar miða að því að hugbúnaðurinn nýtist í sem flestum rannsóknaleiðöngrum. Þessari vinnu er nú að ljúka og var hugbúnaðurinn tekinn í fulla notkun í byrjun árs 2005.

Þorskeldi

Útibúið hefur frá upphafi tekið þátt í ýmsum verkefnum tengdum þorskeldi og var þátttakandi í þremur ólíkum verkefnum á árinu 2004. Alls voru fimm aðilar með þorsk í áframeldi á Vestfjörðum á árinu og voru u.þ.b. 750 tonn af þorski í eldi í árslok þegar slátrun hófst.

Samanburður á eldis- og villtum þorskseiðum

Í rúm tvö ár hefur staðið yfir tilraun sem snýr að samanburði á eldi þorskseiða af eldisuppruna og villtum seiðum, veiddum í Ísafjarðardjúpi. Tveir árgangar eru nú komnir í sjó, hinn fyrri í sumarbyrjun 2003 og seinni vorið 2004. Tilraunahópar eru bæði einstaklings- og hópmerktir og hafa verið mældir á þriggja mánaða fresti allan eldistímann. Vænlegustu einstaklingarnir verða síðan hugsanlega nýttir til kynbóta á eldisþorski.

Rækja

Í stofnmælingu í október fannst rækja í veiðanlegum mæli einungis á tveimur stöðum í Ísafjarðardjúpi. Mikið magn árgamallar ýsu og lýsu reyndist vera um allt inndjúp, en einnig var talsverð dreif af eldri þorski. Afrán fisks á rækjstofninum hefur stóruð nú síðari ár og efalítið haft ofangreindar afleiðingar. Í ljósi þessa verða engar rækjuveiðar heimilaðar á vertíðinni, annað árið í röð. Teljast það nokkur tíðindi í áttatíu ára sögu rækjuveiða við Djúp.

Í Arnarfirði mældist rækja aðeins á litlu og mjög afmörkuðu svæði í utanverðum Borgarfirði. Rétt utan rækjuhnappsins var mikið magn ungborsks. Vísitala reyndist lág og ekki var talið ráðlegt að hefja veiðar sl. haust.

Útibú Akureyri

Almenn starfsemi

Að venju fólst mikill hluti starfseminnar í sýnatöku úr lönduðum afla og var svipaður fjöldi mældur og síðastliðin ár eða um 12.000 fiskar og var þriðjungur af þeim kvarnaður. Aukin flokkun afla um borð í skipum var orðið vanda-mál í sýnatöku en nú er samið við skipsstjóra um að taka annað slagið frá óflokkaðan fisk til mælinga. Haldið var áfram að safna magasýnum í samráði við skipverja á togaranum Kaldbak EA, einnig var byrjað að safna sýnum frá dragnóta- og netabátnum Geir ÞH frá Þórshöfn.

Til útibúsins bárust einnig fiskmerki og sjaldgæfir fiskar sem ýmist voru greindir við útibúið eða sendir áfram í höfuðstöðvar til greininga. Hlýndi í sjónum við Norðurland virðast valda því að þar hafa verið að finnast ýmsar tegundir sem annaðhvort voru mjög sjaldgæfar eða hafa ekki fundist þar áður svo vitað sé. Starfsmenn útibúsins rannsökuðu 2 hvali sem rak á land við Lón í Kelduherfi, reyndist þar annars vegar um andarnefju að ræða og hins vegar norðsnjálbra sem er mjög sjaldgæfur.

Í samstarfi við Brim hf. var haldið áfram að fylgjast með vexti ýsu í áframeldi og fór lokaslátrun fram í árslok. Allri gagnasöfnun lauk því á árinu og er vinna hafin við lokaskýrslu um verkefnið.

Farið var í þriggja daga leiðangur á Skjálfanda til að gera tilraunir með fiskiskiljur á rækjuvörpu. Starfsmenn útibúsins tóku einnig þátt í ýmsum öðrum leiðöngum á vegum stofnunarinnar.

Einar í Nesi

Á árinu var rannsóknarbáturinn Einari í Nesi notaður í 30 daga í leiðöngum á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Í sumar færði LíÚ Háskólanum á Akureyri (HA) að gjöf mjög öflugan fjarstýrðan kafabát. Prófað var að stýra honum frá Einari í Nesi og reyndist það ágætlega, hér er því um hagkvæma leið að ræða til að nota kafabátinn á grunnslóð.

Hverastrýturnar í Eyjafirði

Sérfræðingur útibúsins er í nefnd um friðun hverastrýta á botni Eyjafjarðar, en hverastrýtur þessar eru einstæð náttúrufyrirbrigði. Árið 2004 var gefið út rit á vegum nefndarinnar um verndarátætlun strýtanna. Það bar einnig til tíðinda að nýtt hverastrýtusvæði fannst í firðinum rétt norðan við Hjalteyri. Nýja svæðið er á grynna vatni en gömlu hverastrýturnar og er jafnframt mun stærra, í raun hverastrýtubelti með mörgum mistórum strýtum. Teknar voru myndir af svæðinu með hinum nýja kafabát og kom í ljós að svæðið er mjög auðugt af lífi. Nánari rannsóknir á nýja hverastrýtusvæðinu eru fyrirhugaðar á árinu 2005 í samstarfi við Íslenskar Orkurannsóknir og Háskólann á Akureyri.

Rannsóknarhúsið Borgir við Norðurslóð

Mikil breyting varð á húsnaðismálum útibúsins á árinu þegar það flutti í nýtt rannsóknahús að Borgum við Norðurslóð. Í húsinu hafa aðstöðu flestir þeir sem voru í eldra húsnaði við Glerár-götu auk ýmissa annarra rannsóknastofnana og deilda innan HA. Óhætt er að segja að öll rannsóknaraðstaða við útibúið hafi batnað til muna.

Útibú Höfn Hornafirði

Eins og undanfarin ár var gagnasöfnun úr lönduðum afla stærsti þátturinn í starfsemi útibúsins. Kvarnað, mælt og kyngreint var samkvæmt áætlun um gagnasöfnun. Inn í sýnatökuáætlunina komu 12 tegundir botnfiska, sem teknar eru úr mismunandi veiðarfærum og veiðisvæðum.

Við þessa vinnu hefur útibúið góða aðstöðu hjá Fiskmarkaði Hornafjarðar, en einnig voru tekin sýni í fiskvinnsluhúsum. Gagnasöfnunin gekk ágætlega á árinu þrátt fyrir að oft sé orðið erfitt að ná í sýni vegna flokkunar aflans úti á sjó. Reglulega voru tekin sýni úr lönduðum síldar-, humar- og loðnuafla og unnin á hefðbundinn hátt, en þessi gagnasöfnun er viðamikill þáttur í starfsemi útibúsins.

Tekin voru sýni af þangi og sjó til geisla-mælinga. Útibúinu bárust 24 merktir fiskar þar af með rafeindamerki og tekið var á móti nokkrum sjaldséðum fiskum. Einnig fór útibússtjóri í rannsóknaleiðangra á vegum stofnunarinnar t.d. humar- og netarall og tók þátt í ufsamerkingum.

Á síldarvertíðinni bar töluvert á vorgotssíld í afla síldarskipa sem var talin vera úr norsk-íslenska síldarstofninum og tók útibússtjóri, í samvinnu við Fiskistofu, þátt í vinnu við greiningu á hve mikið væri af vorgotssíld í aflanum. Mældar, vegnar og skoðaðar voru 22.800 síldar úr 57 síldarförmum sem landað var á Höfn.

Útibú Vestmannaeyjum

Almenn starfssemi

Gagnasöfnun úr lönduðum afla var sem fyrr stærsti þátturinn í starfseminni. Gagnasöfnun úr bolfiskafla gekk þó ekki eins vel og undanfarin ár. Sífellt erfiðara er að ná í sýni vegna flokkunar afla um borð í veiðiskipum. Sýnataka á loðnu og

síld gekk hins vegar vel og hefur sýnataka í þessum tegundum aukist undanfarin ár. Sýni voru einnig tekin fyrir mengunarmælingar í þangi og tekið á móti merktum fiski og hann mældur.

Starfsmenn tóku þátt í ýmsum rannsóknaleið-öngnum á vegum stofnunarinnar. Lögð var loka-hönd á verkefnið „Rannsóknir á síli á Íslandsmiðum“. Unnið var að verkefninu „Ýsmerkingar á friðuðu svæði við Vestmannaeyjar“. Einnig var unnið að ýmsum verkum tengdum áframeldi á þorski í samstarfi við eldisfyrirtæki. Rannsóknabátur útibúsins, Friðrik Jesson var nýttur í 13 daga á árinu, m.a. í ufsamerkingar, skólaverkefni, kræklingasöfnun, ofl.

Fæða þorsks

Á árinu var safnað og unnið úr sýnum verkefnisins „Fæða þorsks úr afla fiskiskipa“, sem er samstarfsverkefni útibúa stofnunarinnar. Með þessu verkefni er ætlunin að afla frekari upplýsinga um fæðu þorsks og reyna að fylla upp í eyður sem hafa verið í söfnun fæðusýna úr þorski. Í samstarfi við sjómenn hefur verið safnað magasýnum af einum netabát og tveim togurum.

Tilraunaeldisstöðin að Stað við Grindavík

Almenn starfsemi

Aðallega var unnið við tilraunaeldi á þorski, sandhverfu og lúðu á árinu. Við stöðina störfuðu fjórir fastir starfsmenn, en auk þess voru fjórir nemar í starfsnámi yfir sumarmánuðina.

Þorskur

Unnið var að kortlagningu og samanburði á stofneiningum þorsks við Ísland. Hrogn og svil hafa verið kreist úr rennandi þorski í afla vertíðarbáta og frjóvguð hrogn flutt í eldisstöðina á Stað. Seiðaframleiðslan hefur gengið afar vel og alls hafa verið framleidd 450.000 seiði á fyrstu tveimur árum verkefnisins (210.000 seiði á árinu 2004). Seiðin hafa verið seld til eldisfyrirtækja sem stunda sjókvíaelði á þorski m.a. til Hjaltlandseyja. Gæði eldisseiðanna hafa farið vaxandi ár frá ári og ljóst er að þau eru á góðri leið með að verða samanburðarhæf við villt seiði.

Í stöðinni var einnig unnið að ýmsum öðrum rannsóknum sem tengjast þorskeldi. Gagnasöfnun lauk á tveimur rannsóknaverkefnum á árinu: „Hrygningartengdur dauði eldisþorsks“ og „Þéttleiki í þorskeldi“. Í ljós kom að hrygnur drápuðst frekar en hængar og afföll voru meiri á hrygningartíma en á öðrum árstímum. Í þéttleikatilrauninni tókst að sýna fram á það að þorskseiði þrífast vel í miklum þéttleika. Í samvinnu við rannsóknastöðina á Keldum var unnið að tilraunum til bólusetningar gegn bakteríusjúkdómum í þorskeldi. Unnið var að rannsóknaverkefninu „Forvarnir í þorskeldi“ í samvinnu við Rannsóknastofu fiskiðnaðarins og Keldur. Tvö síðasttöldu verkefni eru styrkt af Tækniþjóði Rannís.

Sandhverfa

Uppbygging á klakstofni sandhverfu gengur vel. Fiskur sem settur var á ljósastryngu árið 2003, til að hliðra hrygningartíma, gaf hrogn og svil á haustmánuðum. Alls voru framleidd um 100.000 sandhverfuseiði sem seld voru til áframeldis. Þá var haldið áfram að kanna með tilraunum vaxtargetu og kjörhita sandhverfu. Mikilvægt er að vita nákvæmlega hver kjörhiti sandhverfu er til að unnt sé að hámarka vöxt.

Lúða

Haldið var áfram með kynbótaverkefni á lúðu í samvinnu við Stofnfisk og Fiskeldi Eyjafjarðar. Með erfðafræðirannsóknum verður reynt að rekja ætterni lúðuseiða til klakfisks og kannað hvort nota megi niðurstöðurnar til kynbóta á lúðu.




GÖNGUR, UMHVERFISHITI OG VÖXTUR ÞORSKS

Með nýjustu rafeindamerkjum er unnt að nema og geyma upplýsingar um hitastig sjávar, dýpi (þrýsting) og fleiri þætti í umhverfi merktis fisks. Umfangsmiklar merkingar voru gerðar á kynþroska þorski (80-105 cm) með rafeindamerkjum árin 1995-1999. Sextíu endurheimt merki sem verið höfðu virk í sjó í allt að 13 mánuði, voru valin til að ráða í umhverfisaðstæður og atferli þorsksins.

Merkingarsvæðið var í Eyrarbakka og úti á Selvogsbanka (1. mynd). Endurheimtustaður og tími er sýndur með tölu á meðfylgjandi mynd (3 = mars, o.s.frv.). Endurheimtur eru flestar á merkingarsvæðinu eða nálægt því og á hrygningartíma (febrúar til mars). Þetta bendir til þess að endurheimtur tengist göngum fisksins á hrygningarslóð/merkingarslóð og að fiskurinn haldi sig annars staðar utan hrygningartíma.

Miklar árstíðabreytingar eru í dagsmeðalgildi dýpis og hitastigs (2. mynd). Fiskunum er skipt í 2 hópa, fiska í „grunnfari“ og fiska í „djúpfari“. Fiskar í grunnfari eru skilgreindir sem fiskar sem halda sig að mestu á grunnslóð, þ.e. meira en 90% dýptarskráninga sýna minna dýpi en 200 m. Fiskar í djúpfari eru þeir sem halda sig meira en 10% á djúpslóð, þ.e. meira en 10% dýptarskráninga sýna meira dýpi en 200 m.




Fiskar í grunnfari halda sig lengst af í námunda við 100 m dýpi en leita grynna um hrygningartímann. Hitastigið er lægst í apríl, eða um 5°C, en hækkar í rúmar 8°C í september-október. Mun meiri breytingar eru á hitastigi og dýpi hjá fiskum í djúpfari. Dýpið er minnst á hrygningartíma en mest um áramót. Hitastig nær hámarki í maí en lækkar síðan mjög ört niður í 3-4°C seinni hluta árs.



Neikvætt samband er milli dýpis og umhverfishitastigs (3. mynd), þ.e. hitastig lækkar eftir því sem fiskurinn leitar dýpra.

